



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. október 2005 – 274. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Eftirlaun sendiherra

„Alþingi ræð á dögunum einn af löglærðum fyrrverandi forsætisráðherrum þjóðarinnar til að gerast sagnfræðingur. Sá vildi ekki vera sendiherra lengur. Væntanlega skerðast engin eftirlaun þess ágæta manns þar sem nýja starfið er ritstjóri, eða hvað? - getur það verið?“ skrifar Valgerður Bjarnadóttir í pistli um fagmennsku.



Í DAG - 24

Dramatík í kórstarfi

Léttsveit Reykjavíkur opnar starf sitt upp á gátt í Háskólabíói í nýrri heimildarmynd Silju Hauksdóttur.



FÓLK 38

Á leið til Svíþjóðar?



Sænska liðið Djurgarden hefur rætt við Sigurð Jónsson sem og Grindavík.

ÍPRÓTTIR 27

VEÐRIÐ Í DAG



SNJÓKOMA EÐA ÉL á Vestfjörðum og norðan til. Rigning eða slydda austan og suðaustan til. Lítilsháttar él eða slydduél Suðvestanlands. Hiti við frostmark nýrðra en 1-5 stig syðra.

VEÐUR 4

Voru í þriggja ára gíslingu

Einar Þór Sverrisson, lögmaður Jóhannesar Jónssonar í Bónus, segir þá sem bera ábyrgðina skulda sakborningum í Baugsmálinu skýringar. Jón Gerald Sullenberger segir úrskurð Hæstaréttar vonbrigði.

BAUGSMÁL „Það má ekki gleyma því að hér eru einstaklingar á bak við sem búið er að halda í gíslingu í þrjú ár,“ segir Einar Þór Sverrisson, lögmaður Jóhannesar Jónssonar, um dóm Hæstaréttar sem féll í gær. Hæstiréttur vísaði öllum ákæruatriðum nema átta frá í Baugsmálinu.

„Davíð Oddsson sagði nú einhvern tíma að ef þetta mál væri af pólitískum toga þá myndi dómvaldið bara henda því út og Davíð hefur oftast rétt fyrir sér virðist vera,“ segir Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs.

„Þeir sem bera ábyrgðina skulda þessum einstaklingum skýringar á því hvað hafi verið að gerast á þessum þremur árum. Ákærvald

er mjög mikið vald og því þarf að fara vel með það,“ segir Einar Þór. Hann segir að samkvæmt dómnum sé ljóst að átta ákæru-liðir verði teknir til efnislegrar meðferðar í héraðsdómi og því sé hann mikið áfall fyrir ákærvaldið. „Þar af eru þrír rétt taldir sleppa, hinum hefur verið hent út,“ segir Einar.

Að sögn Einars varða ákæru-liðirnir átta meint brot á lögum um ársreikninga, þar sem ákært er fyrir meiriháttar brot sem falla undir hegningarlög, og meint tollalagabrot.

„Ég vek athygli á því að í dómnum segir varðandi ákæru-liði 33 til 36 að málatilbúnaður ákærvaldsins sé óskýr en þó ekki nægilega



EINAR ÞÓR SVERRISSON Við millþinghaldið í Baugsmálinu.

óskýr til þess að vísa eigi þeim liðum frá,“ segir Einar.

„Í dómnum segir um þessa þrjá liði að ekki verði séð hvernig upplýsingarnar, sem ákærvaldið gefur með þeim, geti tengst þeim sökum sem gefnar séu í liðunum þremur og því sé málatilbúnaður

af hálfu ákærvaldsins óskýr,“ segir Einar.

„Það eru dómstólar sem taka þessar ákvarðanir og þangað nær mitt vald ekki,“ segir Jón H. B. Snorrason, saksóknari hjá embætti Ríkislögreglustjóra.

Jón Gerald Sullenberger segir niðurstöðu Hæstaréttar vonbrigði. „Mér líst mjög illa á þennan dóm,“ segir Jón Gerald.

„Réttarkerfið hefur ekki sagt sitt síðasta orð í málinu. Lögheimildir eru til þess að ákærvaldið taki mið af því, sem fram hefur komið hjá Hæstarétti við frekari ákvarðanir um framhald málsins,“ ritaði Björn Bjarnason dómsmálaráðherra á heimasíðu sína í gær. - sda / sjá bls. 2



Í SNJÓNUM FYRIR NORÐAN Vetur herjaði á Akureyringa í gær með snjókomu og hvössum vindi en krakkarnir í Glerárskóla létu það ekki á sig fá og skokkuðu um bæinn í leikfíttímanum. Veturinn fór jafnvel harðari höndum um Dalvíkinga en þar eru komnir myndarlegir snjóskafar og er ekkert fararsnið er á þeim fyrr en seinni part vikunnar en þá eiga Norðanmenn von á hlýnandi veðri.

Stórfelld skógrækt fyrirhuguð:

Hekluskoðgar stöðvi ösku

SKÓGRÆKT Áætlanir um gróðursetningu Hekluskoðga er umfangsmesta gróðursetningarverkefni sem ráðist hefur verið í. Gangi áætlanir eftir verður til stærsti skógur á Íslandi.

Fyrirhugað er að gróðursetja birki og fleiri trjategundir vestur og norður af Heklu og er skóginum ætlað að verja aðliggjandi landsvæði fyrir ösku úr Heklugosum framtíðar.

Landsvæðið sem um ræðir þekur um eitt prósent Íslands. Það var skógi vaxið þegar landið var numið líkt og svo stór hluti þess.

Landeigendur, skógræktarfélag og helstu stofnanir á sviði land- og skógræktar koma að verkefninu, sem þykir samræmast mjög alþjóðaskuldbindingum landsins.

Málþing um Hekluskoðga verður haldið á morgun og þar munu meðal annarra taka til máls þeir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra og Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra. - bps / sjá síðu 12

Í það minnsta 30.000 manns sagðir hafa látist í skjálftanum í Kasmír:

Hjálparstarf gengur erfiðlega

JARÐSKJÁLFTI Hjálpargögn eru farin að berast alls staðar að úr heiminum til fórnarlamba jarðskjálftans í pakistanska hluta Kasmír. Samgöngur á hamfarasvæðunum eru hins vegar í lamasessi og því gengur hjálparstarf erfiðlega. Nú er talið að 30.000 manns hafi týnt lífi í jarðskjálftanum á laugardaginn og er heldur búist við að sú tala muni hækka. Mest var manntjónið í pakistanska hluta Kasmír en þar stendur víða ekki steinn yfir steini. Samgöngur eru allar úr skorðum og því gengur hjálparstarf erfiðlega.

Í héraðshöfuðborginni Muzaffarabad hrundu níutíu prósent allra húsa, þar með talið allar opinberar byggingar. „Þorri fórnarlambanna er enn grafinn í rúst-



Á LÍFI Í gær björguðu breskir björgunarsveitarmenn manni úr rústum húss í Muzaffarabad, en hann hafði þá legið undir braki í 54 klukkustundir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

unum. Sökum þess að vegir eru í sundur erum við bjargarlaus,“ sagði Masood-ur Rehman, aðstoðarborgarstjóri. Fregnir eru teknar að berast af gripdeildum í borginni og átökum þeim tengdum.

Alls staðar að úr heiminum berast nú hjálpargögn, bæði matur og lyf. Bandaríska ríkisstjórnin lofði að láta þrjá milljarða króna af hendri rakna til hjálparstarfsins.

Íslensk hjálparstærðir hafa ekki látið sitt eftir liggja. Rauði kross Íslands safnar nú fé fyrir fórnarlömb hamfaranna í söfnunarnúmerinu 907-2020 og gefur hringingin þúsund krónur. Þá hefur Barnahjál Sameinuðu þjóðanna á Íslandi sent 2,5 milljónir króna til svæðanna.

Sjá síðu 16 / -shg

KONUR 20-40 ÁRA

Konur velja Fréttablaðið*

55% Fréttablaðið

28% Mbl.

Heilsa Daglegt líf

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júní 2005. Lestur meðal 20-40 ára kvenna á efnisþætti á þriðjudögum.

Það dregur til tíðinda!

Aðeins

4

dagar til Dags byggingariðnaðarins í Hafnarfirði laugardaginn 15. október

SI



SPURNING DAGSINS

Guðný, eru þeir komnir í leitirnar?

„Nei, og það er komin snjókomma. Bara vonandi að þeir verði ekki úti, blessaðir.“

Guðný Sveinisdóttir er sveitastjóri Grýtubakka-hrepps. 202 kusu á móti sameiningu við Eyjafjörð um helgina en þrjú með. Sagði Guðný að björgunarsveitir hefðu verið sendar til að hafa uppi á þeim.

Eiríkur Tómasson lagaprófessor:

Ótrúlega gölluð ákæra

BAUGSMÁL „Þessi dómur er áfelligdómur yfir vinnubrögðum ákæruvaldsins í málinu,“ segir Eiríkur Tómasson lagaprófessor um dóm Hæstaréttar í Baugsmálinu.

„Það kemur mér á óvart hversu mikið Hæstiréttur finnur að ákær- unni og satt að segja hefði ég ekki trúað því að hægt væri að gefa út ákæru sem er svo gölluð. Mér sýn- ist líka að þó hér sé verið að dæma um form málsins en ekki efni sé verið að fjalla öðrum þræði um þó nokkra ákæruliði út frá efni þeirra og ég fæ ekki betur séð en sum þessi ákæruefni séu þess eðlis að ekki sé um neina refsiverða hátt- semi að ræða, það les maður úr

dómi Hæstaréttar. Ég tel að ekki verði ákært í þeim atriðum að nýju því til að gera það verða menn að vera alveg öruggir að um refs- verða háttsemi hafi verið að ræða og að þeir geti fært sönnur á það fyrir dómi. En svo eru önnur atriði þar sem ákærvaldið þarf að kanna málið. Mér þætti líka eðlilegast að Ríkissaksóknari færi nú yfir málið sem æðsti yfirmaður ákæruvalds- ins í landinu en hann hefur ekki komið að því hingað til.“ - jse

EIRÍKUR TÓMASSON Eiríkur segist ekki muna eftir því að Hæstiréttur hafi farið jafn hördum orðum um vinnubrögð ákæru- valdsins í stóru máli.



Innbrot í Breiðholti:

Nakinn maður yfirheyrður

LÖGREGLUMÁL Maðurinn sem gekk nakinn til náða í fyrrinótt í rúmi fimm ára barns sem bjó í sama stígagangi var yfirheyrður hjá lögreglunni í Reykjavík í gær. Maðurinn er talinn hafa verið undir áhrifum áfengis og fíknifna.

Svo virðist sem hann hafi sofnað heima hjá sér en risið úr reykju og farið villu vegar svo hann endaði í rúmi barnsins.

Móðir barnsins hringdi skelfingu lostin í lögreglu þegar annað barn hennar af tveimur sem gistu í herberginu lét hana vita af ferðum mannsins. Ekki er talið að hann hafi átt við barnið. - jse



JÓN H. B. SNORRASON SAKSÓKNARI Jón bjóst við að niðurstaðan yrði önnur.

Jón H. B. Snorrason:

Bjóst við öðru

BAUGSMÁL „Þetta er önnur niðurstaða en ég hefði búist við,“ segir Jón H. B. Snorrason saksóknari hjá embætti ríkislögreglustjóra: „Það eru dómstólar sem taka þessar ákvarðanir og þangað nær mitt vald ekki.“

Jón segir að nú liggja fyrir að fara gaumgæfilega yfir stöðu mála og taka svo ákvarðanir um framhaldið.

Spurður hvort einhverjir komi til með að segja af sér embættum í kjölfar ákvörðunar hæstaréttar segist Jón ekki vita til þess. - saj

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jóninu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kostið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt frétnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á muna aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

Bílakaupin og lánin fara fyrir dómstóla

Hæstiréttur leggur fyrir héraðsdóm að taka til meðferðar átta ákæruliði af fjörtíu í Baugsmálinu. Öðrum ákæruliðum hefur endanlega verið vísað frá dómi.

BAUGSMÁLID Hæstiréttur hefur dæmt að héraðsdómur skuli taka til efnislegrar meðferðar átta af fjörtíu ákæruliðum í Baugsmálinu svonefnda. Frávísun héraðs- dóms á þrjátíu og þremur ákær- um var staðfest.

Fjórir ákæruliðir sem nú fara til efnismeðferðar Héraðsdóms Reykjavíkur varða meint brot Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Tryggva Jónssonar sem og endurskoðendanna Stefáns Hilmars Hilmarssonar og Önnu Þórðardóttur gegn almennum hegningarlögum og brot gegn lögum um ársreikninga. Alvarleg brot geta varðað fésektum eða fangelsi.

Jóni Ásgeiri og Tryggva er gefið að sök að hafa í bókhaldi farið ranglega meðlán, vexti og lánaskil- mála til hlut-

hafa, stjórnenda, framkvæmdastjóra og annarra á árunum 1998 til 2002. Alls námu lánveitingarnar yfir sex hundruð milljónum króna. Endurskoðendurnir eru ákærðir fyrir að árita án skýringa og án fyrirvara ársreikninga sem taldir eru innihalda rangar eða villandi upplýsingar.

Í dómi sínum telur Hæstiréttur að málalíbúnaður ákærandanna hafi verið óskýr í áðurgreindum ákæruliðum, en þó megi fella efnis- dómið um málið.

Sakborningar hafa áður lýst yfir að þeir teldu lánveitingarnar heimilur meðal annars samkvæmt hlutafélagalögum.

Í fjórum liðum eru Jóhannes Jónsson, Jón Ásgeir og Kristín Jóhann-

esdóttir ákærð fyrir tollsvik og rangfærslu skjala við innflutning á fjórum bifreiðum frá Bandaríkjunum á árunum 1998 til 2000. Hæstiréttur telur enga ástæðu til að vísa þessum ákærum frá dómi líkt og héraðsdómur gerði.

Fésektir vegna tollsvika og rangfærslu í skjölum um verðmæti, magn og fleira tollskýlt geta numið allt að tífaldr þeirri upphæð sem skotið er undan.

Sakborningar hafa vísað ásökunum um meint brot við bíla- viðskiptin á bug. Þær byggist alfarið á framburði Jóns Gerald Sullenbergers. Ættu þær við rök að styðjast væri Jón Gerald augljóslega sekur um hlutdeild í þeim brotum.

johann@frettabladid.is



Jón Gerald Sullenberger um dóm Hæstaréttar í Baugsmálinu:

Dómurinn er mér vonbrigði

BAUGSMÁL Jón Gerald Sullenberger, sem lagði fram kærú á hendur Baugi árið 2002, segir að dómur Hæstaréttar í gær hafi verið sér vonbrigði.

„Mér list mjög illa á þennan dóm. Það verður að segjast eins og er að þetta eru mikil vonbrigði,“ segir hann.

Spurður hvort Jón Gerald sé ósáttur við að einmitt þessi ákæratriði, sem talin séu léttvægari en þau sem vísað var frá, fari aftur í héraðsdóm segir hann: „Það skiptir engu máli hvað er léttvægt og hvað ekki. Mér finnst ekki skipta máli hvort þú stelur hundrað krónum eða þúsund krónum, að stela er að stela,“ segir hann.

Hann segist hafa viljað sjá öllum ákæratriðum vísað aftur í héraðsdóm þar sem þau yrðu tekin



JÓN GERALD SULLENBERGER Er vonsvikinn yfir dómi Hæstaréttar en býst við að Ríkissaksóknari gefi út nýjar ákæru.

til efnislegrar meðferðar. „Að sjálfsgöðu hefði ég viljað það en

Ríkissaksóknari hlýtur að gefa út nýjar ákæru.“ - sda

STYRKJARSÝNING
19. OKTÓBER KL. 20
 Allur aðgangseyrir rennur óskiptur til MND félagsins á Íslandi.

Með þessu vilja leikarar og aðstandendur sýningarinnar styðja við bakið á MND félaginu sem er félag fólks með hreyfingahörnun. Félagið er að hefja söfnun til styrktar rannsóknunum á þessum sjúkdómi.

SALKA
VATKA

EFTIR HALLDÓR LAXNESS Í LEIKGERÐ HRAFNHILDAR HAGALÍN.
 LEIKSTJÓRI: EDDA HEIÐRÚN BACKMAN.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Tölurnar tala sínu máli

Fyrirtækjabréf Landsbankans er stærstur verðbréfa- og fjárfestingarsjóða á landinu, að verðmæti 40,9 milljarðar. Einnig hefur sjóðurinn sýnt bestu meðalávöxtun sambærilegra sjóða sl. 3 ár, eða 10,8%.

Fyrirtækjabréf fjárfesta einkum í verðtryggðum skuldabréfum traustra fyrirtækja og fela í sér frekar litla áhættu.

Hafðu samband í 410 4000 eða komdu við í næsta útibúi Landsbankans og gerðu meira úr þínum peningum.

10,8%

meðalávöxtun sl. 3 ár

Fyrirtækjabréf Landsbankans

Fyrirtækjabréf er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingaheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Fyrirtækjabréf fjárfesta að stærstum hluta í verðtryggðum bréfum. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. mun á

verðbréfasjóðum og fjárfestingasjóðum í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu fyrir sjóðinn á afgreiðslustöðum Landsbankans og á heimasíðu Landsbankans, www.landsbanki.is. Athygli er vakin á því að verðbréfavíðskipti geta verið áhættusöm og að ávöxtun í fortíð gefur engar vísbendingar um ávöxtun í framtíð.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 10.10.2005

KAUP SALA

Bandaríkjadalur	USD	61,17	61,47
Sterlingspund	GBP	107,59	108,11
Evra	EUR	74,15	74,57
Dönsk króna	DKK	9,934	9,992
Norsk króna	NOK	9,408	9,464
Sænsk króna	SEK	7,928	7,974
Japanskt jen	JPY	0,5368	0,54
SDR	XDR	88,72	89,24

Gengisvísitala krónunnar
103,7792

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Matareitrun í Úkraínu:

Hundruð smábarna á spítala

KÆNUGARÐUR, AP Um 360 leikskólabörn í vesturhluta Úkraínu hafa verið lögð inn á spítala vegna matareitrunar. Að minnsta kosti fjögur barnanna voru alvarleg veik.

Um 300 börn á aldrinum tveggja til sex ára veiktust á föstudag, hugsanlega vegna máltíða sem voru veittar á sjö leikskólum í héraðinu Khmelnytsky. Í gær voru 60 börn til viðbótar flutt á spítala. Heilbrigðisyfirvöld hafa staðfest að sjúkdómsvaldandi gerlar hafi fundist í vinsælum jógúrdrykk og hafa boðað frekari rannsókn á málinu. Í fyrra veiktust 800 úkraínsk börn af matareitrun, en hreinlæti í mjólkurbúum landsins þykir ábótavant. ■



ANTON BENJAMÍNSSON Framkvæmdastjóri Slippisins vill ekki upplýsa hverjir eigendur félagsins eru.

Slippurinn Akureyri:

Starfsemi hefst í dag

SKIPAÐNADUR Einkahlutafélagið Slippurinn Akureyri var stofnað í gær. Félagið hefur leigt til þriggja mánaða allan þann búnað sem Slippstöðin hafði yfir að ráða en félagið varð gjaldþrota fyrir viku.

Tæplega 50 af um 100 starfsmönnum Slippstöðvarinnar hefja störf hjá Slippnum í dag en framkvæmdastjóri Slippisins, Anton Benjamínsson, vonast til að fleiri verði ráðnir innan skamms. ■

Nóbelsverðlaunin í hagfræði:

Kenningarmiðir verðlaunaðir

NÓBELSVERÐLAUN Robert J. Aumann og Thomas C. Schelling fá Nóbelsverðlaunin í hagfræði í ár fyrir rannsóknir sínar á sviði leikjafræði, sem þeir hafa notað til að útskýra pólitísk og efnahagsleg átök, vígbúnaðarkapphlaup og jafnvel hvernig fyrirbyggja megji hernaðaráttök.

Aumann er 75 ára gamall Ísraelsmaður sem einnig hefur bandarískan ríkisborgararétt en Schelling er 84 ára Bandaríkjamadur.

Í umsögn sænsku Vísindaakademíunnar segir að verðlaunahafarnir hafi hjálpað til við „að útskýra efnahagsleg átök svo sem verðstríð og viðskiptastríð, svo



THOMAS C. SCHELLING Prófessor emeritus við Maryland-háskóla.

og hvers vegna sum samfélög eru árangursríkari en önnur í að nýta sameiginlegar auðlindir“.

Í samtali við AP-fréttastofuna sagðist Schelling þekkja Aumann,



ROBERT J. AUMANN Prófessor við Hebreska háskólann í Jerúsalem.

en þeir hefðu aldrei unnið saman. „Nóbelsnefndin tengir okkur saman vegna þess að hann er höfundur leikjafræðinnar og ég notandi hennar,“ sagði hann. -aa



MERKEL Hafði betur.



SCHRÖDER Víkur.- AP

Merkel fyrsta konan í embætti kanslara

Angela Merkel verður næsti kanslari Þýskalands. Þetta varð ljóst í gær eftir viðræður forystumanna kristilegra demókrata og jafnaðarmanna. Gerð málefna-samnings „stóru samsteypu“ gæti tekið margar vikur.

ÞÝSKALAND, AP Angela Merkel, formaður Kristilegra demókrata í Þýskalandi, náði í gærmorgun samkomulagi við forystumenn Jafnaðarmannaflokksins um að hún yrði kanslari í samsteypustjórn flokkanna. Gerhard Schröder, fráfarandi kanslari úr Jafnaðarmannaflokkinum, verður líklegast ekki í nýju stjórninni.

En jafnaðarmenn fengu kristilega til að fallast á hátt verð fyrir að Merkel fengi kanslarastólinn. Þeir munu stjórna mestu þungavigtarráðuneytunum, þar á meðal fjármála og utanríkismála.

Merkel verður bæði fyrsta konan og fyrsti Austur-Þjóðverjinn sem stýrir ríkisstjórn Þýskalands. Hún brosti sínu breiðasta er hún ræddi við blaðamenn í Berlín í gær en hikaði við að fagna, vitandi að framundan eru jafnvel margra

vikna samningaviðræður um málefna-samning hinnar væntanlegu „stóru samsteypu“.

„Mér líður vel, en það er mikil vinna framundan,“ sagði hún. Búast má við að í stjórnarsáttmálanum verði Merkel og samherjar hennar að láta sér lynda að ná ekki fram nokkrum af helstu kosningastefnumálum sínum, einkum er varðar uppstokkun regluna um vinnuáætlun sem miða áttu að því að gera hann sveigjanlegri og þannig séð „atvinnurekendavinsamlegri“.

Formlegar stjórnarmyndunarviðræður hefjast á mánudaginn. Merkel sagði að báðir aðilar stefnu að því að þeim yrði lokið fyrir 12. nóvember. Eftir það verður stjórnarsáttmálinn lagður fyrir flokksþing í báðum flokkum, til samþykktar eða synjunar.

„Það skýrist í þessum viðræðum

hvort við náum því raunverulega að mynda samsteypustjórn nýrra möguleika,“ sagði Merkel. „Við vitum það ekki í dag,“ bætti hún við.

Samkvæmt samkomulaginu sem gert var í gær, eftir stífar samningaviðræður um helgina, skiptast ráðuneytin þannig að jafnaðarmenn færu með utanríkis-, fjár-, atvinnu-, dóms-, samgöngu-, umhverfis- og þróunarmál. Kristilegu flokkarnir færu með efnahags-, varnar-, innviðs-, landbúnaðar-, fjölskyldu- og menntamálaráðuneytin. Að meðtöldum Merkel og yfirmanni kanslaraembættisins, sem telst jafngildi ráðherraembættis, hafa flokkarnir þannig jafnmarga ráðherra. Edmund Stoiber, forsætisráðherra Bæjarlands og leiðtogi CSU, systurflokks CDU í Bæjarlandi, verður efnahagsmálaráðherra.

audunn@frettabladid.is

Norraen stjórnvöld:

Vilja framleiða flensubóluefni

FUGLAFLENSA Norraen stjórnvöld velta fyrir sér að stofna sameiginlega verkmiðju til að framleiða bóluefni gegn fuglavlensunni.

Sænska blaðið Dagens Nyheter segir að heimsframleiðslan á bóluefni sé aðeins 300 milljónir skammta sem dugar hvergi nærri til ef faraldur brýst út. Í Evrópu er bóluefni gegn fuglavlensunni framleitt í Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi, á Ítalíu og í Hollandi og má búast við að þessar þjóðir gangi fyrir.

Norraenu þjóðirnar íhuga nú að hefja eigin framleiðslu en náist ekki samstaða þá munu Svíar hugsanlega verða einir um hituna.

Ferill Merkel

Angela Merkel, fyrsta konan sem sest á kanslarastól í Þýskalandi, á frekar óvenjulega leið að baki til æðstu metorða í þýskum stjórnámum.

Hún fæddist í Hamborg árið 1954. Þegar hún var þriggja ára flutti fjölskylda hennar til Austur-Þýskalands, þar sem faðir hennar þjónaði sem lútherskur prestur. Hún nam eðlisfræði í Leipzig og starfaði að námi loknu við skammtafræðirannsóknir við Vísindaakademíuna í Austur-Berlín. Pólitísk afskipti hóf hún í austurþýsku borgararéttindahreyfingunni 1989. Árið 1990 varð hún talsmaður fyrsta og eina lýðræðislega kjörna leiðtoga Austur-Þýskalands Lothar de Maiziere. Hún gengur það ár í Kristilega demókrataflokkinn (CDU) og er um haustið kjörin á þing sameinaðs Þýskalands.

Árið 1991 skipar Helmut Kohl hana kvenna- og ungmennamálaráðherra í ríkisstjórn sinni og eftir kosningar 1994 verður hún umhverfisráðherra. Árið 1998 er hún kjörin framkvæmdastjóri flokksins eftir að hann tapar völdum í kosningum. Hún var fyrst úr forystusveit flokksins til að taka af skarið um að snúa baki við Helmut Kohl er brot hans á lögum um fjármögnun stjórnmalaflokka komst í hámaeli árið 2000. Hún var kjörin ártaki hans sem flokksformaður. Í kosningum til Sambandsþingsins árið 2002 eftirlætur hún Edmund Stoiber, formanni systurflokksins CSU í Bæjaralandi, að vera kanslaraefni kristilegu flokkanna. Eftir kosningarnar, sem Stoiber tapaði naumlega, treysti hún tök sín á flokknum sem þingflokksformaður. Og þegar Gerhard Schröder kanslari tilkynnti óvænt í lok maí í vor að hann vildi flýta kosningum um heilt ár áttu hugsanlegir innanflokkskeppinautar hennar um kanslaraefnishlutverknið engan annan kost en að stöðja hana.

Þótt flokkurinn fengi mun minna fylgi í kosningunum 18. september en vænst hafði verið varð hann samt stærsti þingflokkurinn, sem dugði til að hún héldi tilkallinu til kanslara-stólsins í væntanlegri samsteypustjórn með jafnaðarmönnum.

Merkel er gift efnahagsfréttastofnum Joachim Sauer. Þau eru barnlaus.

HITCHCOCK

KVIKMYNDATÓNLEIÐAR Í HÁSKÓLABÍÐI

MIÐVIKUDAGINN 12. OKTÓBER KL. 19.30

Samhljómur meistara kvikmyndasögunnar og sífónúhljómsveitar er einstök upplifun. Það sannast örugglega þegar SÍFÓNÚHLJÓMSVEIT ÍSLANDS leikur ískýggilega tónlist Emmy-verðlaunahafans ASHLEY IRWIN undir klassískri hrollveku meistara HITCHCOCKS.

Alfred Hitchcock ::: Leigjandinn (The Lodger, 1927)
Hljómsveitarstjóri ::: Frank Strobel

KAUPMANNAHÖFN
OSLÓ
STOKKHÓLMUR
HELSINKI
LONDON

16°C hálfskýjað
13°C alskýjað
19°C hálfskýjað
15°C alskýjað
21°C skýjað m. köfl.

PARIS
BERLÍN
FRANKFURT
MADRID
BARCELONA

19°C skýjað m. köfl.
20°C skýjað m. köfl.
19°C skýjað m. köfl.
19°C léttskýjað
21°C léttskýjað

ALICANTE
MILANO
NEW YORK
SAN FRANCISCO
ORLANDO/FLORIDA

25°C léttskýjað
22°C léttskýjað
17°C rigning
21°C heiðskýrt
33°C mögul. á rign.

SÍMI 545 2500 ::: WWW.SINFONIA.IS

VEÐURSPÁ

um hádegi »

Sigurður P. Ragnarsson, veðurfræðingur

ENN SNJÓKOMU EÐA ÉL NYRÐRA
Það er aldeilis að veturinn tók völdin fyrir norðan. Hvít jörð með skafrenningi í byggð. Það verður framhald á þessu veðri í dag en svo fer þessu að linnna í bili. Það nýjasta er að það mun að líkindum rigna suðaustan til í dag og jafnvel að hvít kom sjáist í borginni.

HÖFUÐBORGIN Í DAG
Ákveðin norðaustlæg átt. Hætt við lítillhátar skyldu- eða eljum. Hiti 0 - 3 stíg.

» á morgun
Yfirleitt hæglatísveður. Síst þó suðvestan til

» fimmtudagur
Hæg breytileg átt.

Kaupmannahöfn	16°C hálfskýjað	Paris	19°C skýjað m. köfl.	Alicante	25°C léttskýjað
Oslo	13°C alskýjað	Berlín	20°C skýjað m. köfl.	Milano	22°C léttskýjað
Stokkhólmur	19°C hálfskýjað	Frankfurt	19°C skýjað m. köfl.	New York	17°C rigning
Helsinki	15°C alskýjað	Madrid	19°C léttskýjað	San Francisco	21°C heiðskýrt
London	21°C skýjað m. köfl.	Barcelona	21°C léttskýjað	Orlando/Florida	33°C mögul. á rign.

* Sveði þar sem búast má við talsverði vætu eru skýggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Petta tannkrem fjarlægir tannsýklu



Petta tannkrem gerir það þrisvar sinnum betur*



Nýja zendium tannkremið fjarlægir
tannsýklu þrisvar sinnum betur af
tönnunum en mest selda tannkremið.**

Þetta hefur verið sannað. Ástæðan er ný blanda af ensíumum,
sinki og colostrum (broddmjólk), sem hreinsar tennurnar á
mildan en einstaklega áhrifaríkan hátt.

* Skjalfest af P. Barkvoll, prófessor í munnholslækningum og skurðlækningum við Oslóarháskóla, í rannsókninni: "The oral health effect of colostrums containing dentifrices on patients of risk of recurrent aphthous ulcers. 2005". Sjá útdrátt/rannsóknarniðurstöður á www.zendium.dk

** Colgate Caries Control

zendium

Styrkir varnirnar í munnum





KJÖRKASSINN

Er þörf á að fækka sveitarfélögum í landinu?

Já	78%
Nei	22%

Spurning dagsins í dag: Er rétt að reisa Slippstöðina á Akureyri við?

Farðu inn á fréttahluta vísir.is og segðu þína skoðun

Efnahagsbrotarannsókn á íslenskum fyrirtækjum í Bretlandi:

Úrvinnsla gagnanna hafin

FJÁRSVIK „Öllum gögnum hefur nú verið safnað saman á einn stað. Nú tekur við úrvinnsla þessara gagna í þeim tilgangi að sjá hvernig þau geta orðið okkur að liði í rannsókninni,“ segir Jina Roe, upplýsingafulltrúi hjá bresku efnahgsbrotalögreglu SFO.

Leitað var eftir því að Roe staðfesti nöfn þeirra fyrirtækja í eigu Íslendinga sem tengjast rannsókninni og sagði Roe að vegna rannsóknarhagsmuna gæti hún ekki staðfest slíkt.

Að minnsta kosti þrjú fyrirtæki í eigu Íslendinga voru tekin til rannsókna af breskum lögreglu yfirvöldum í síðustu viku, Skúla-



SKÚLASON EHF. VIÐ LAUGAVEG Bresk efnahgsbrotalögregla vinnur nú úr gögnum sem safnað var.

son UK Limited, Crime on Line Systems í eigu Njáls Harðarsonar og Avalon Finance í eigu Baldurs Sigurðssonar. Einnig var gerð hús-

leit hjá Skúlasón ehf. í Reykjavík en það fyrirtæki er í eigu Skúlasón UK Limited, Jóhannesar B. Skúlasónar og fleiri aðila.

Tékklandsþing:

Kommúnismi bannaður

TÉKKLAND, AP Öldungadeild tékkneska þingsins samþykkti í vikunni lagabreytingu sem gerir Tékkneska kommúnistaflokknum skylt að skipta um nafn, komist breytingin til framkvæmda. Samkvæmt tékkneskum lögum er bannað að mæla alræðisstjórnkerfum bót án þess að kerfin hafi verið skilgreind nánar. Í nýja frumvarpinu er hins vegar tekið fram að bannið nái til kommúnisma og nasisma.

Reiknað er með að frumvarpið verði fellt í neðri deild þingsins, þar sem vinstriflokkar, þar á meðal kommúnistar, eru í meirihluta. ■



ALIFUGLUM SLÁTRÁÐ Rúmenar reyna að hindra útbreiðslu lensunnar.

Fuglaflensan:

Rúmenar auka varnir sínar

RÚMENÍA Stjórnvöld í Rúmeníu auka nú aðgerðir til að berjast gegn útbreiðslu fuglaflensu í landinu. Engin ný smit hafa verið staðfest og breskir sérfræðingar vonast til þess að geta staðfest innan nokkurra daga hvort veiran sé sú sama og olli fuglaflensunni í Asíu. Stjórnvöld ætla ekki að bíða eftir niðurstöðum og búast má við því að um fjörutíu þúsund alifuglum verði slátrað í Rúmeníu á næstu dögum. Forsætisráðherra Rúmeníu, Calin Popescu Tariceanu, sagði mikilvægt að hefja varúðarráðstafiir strax þótt skaðsemi veirunnar væri enn ekki ljós.

Fjórir fuglar hafa drepist úr fuglaflensu í Austur-Rúmeníu. ■

Skulda mest í Reykjanesbæ

Skuldir og skuldbindingar í Reykjanesbæ eru um 816 þúsund krónur á hvern íbúa. Er það hæsta upphæð á hvern í tíu stærstu sveitarfélögum landsins. Upphæð á íbúa er lægst á Seltjarnarnesi, um 235 þúsund krónur.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Reykjanesbær hefur verstu skuldastöðuna á hvern íbúa af tíu stærstu bæjarfélögum landsins ef tekið er tillit til skuldbindinga vegna rekstrarleigusamninga.

Skuldir og skuldbindingar í Reykjanesbæ eru um 816 þúsund krónur á hvern íbúa, samkvæmt ársreikningum. Til samanburðar eru skuldir og skuldbindingar á Seltjarnarnesi um 235 þúsund og lægstar sveitarfélögunum tíu.

Eftirlitsnefnd með fjármálum



ARNI SIGFÚSSON BÆJARSTJÓRI. Skuldir og skuldbindingar í Reykjanesbæ eru um 816 þúsund krónur á hvern íbúa, samkvæmt ársreikningum. Til samanburðar eru skuldir og skuldbindingar á Seltjarnarnesi um 235 þúsund og lægstar sveitarfélögunum tíu.

sveitarfélöga sendi bæjarstjórn Reykjanesbæjar bréf í desember í fyrra og lýsti þar með áhyggjum yfir fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Nefndin taldi aðhaldi í rekstri verulega ábótavant þar sem fjárhagsáætlanir síðustu þriggja ára hafi engan veginn staðist. Þá var bent á að eignastaða í lok árs 2004 hefði verið orðin neikvæð um 99 þúsund krónur á hvern íbúa og að hún hefði versnað um tæplega 450 þúsund krónur á íbúa frá árslokum 2002, að teknu tilliti til skuldbindinga vegna rekstrarleigusamninga.

Í greinargerð nefndarinnar frá því í ágúst síðastliðnum er lýst ánægju með að tekist hafi að snúa rekstrarafkomu til betri vegar og er fjárhagsleg staða sveitarfélagsins sögð ágæt.

Í nýrri skýrslu ParX viðskiptaráðgjafar um hugsanleg áhrif sameiningar sveitarfélagsins Garðs, Reykjanesbæjar og Sandgerðisbæjar er vakin sérstök athygli á því að rekstrarleigusamningar séu ekki færðir til skuldar í efnahgsreikningum sveitarfélagsins.

SKULDIR OG SKULDBINDINGAR SVEITARFÉLAGA

Skuldbinding sveitarfélags á hvern íbúa vegna rekstrarleigusamninga er samkvæmt ársreikningum 2003 á verðlagi marsmánaðar 2005. Skuld á hvern íbúa er miðuð við ársreikning sveitarfélögunna fyrir 2004.

	Skuldbinding*	Skuldir**	Samtals***
Reykjanesbær	383.441.-	433.243.-	816.684.-
Hafnarfjarðarbær	159.484.-	548.756.-	708.240.-
Kópavogsbær	2.065.-	530.750.-	532.815.-
Akureyri	0.-	516.000.-	516.000.-
Mosfellsbær	0.-	501.775.-	501.775.-
Reykjavík	24.770.-	438.994.-	463.764.-
Garðabær	0.-	450.248.-	450.248.-
Akraneskaupstaður	4.289.-	386.000.-	390.289.-
Grindavíkurbær	0.-	324.000.-	324.000.-
Seltjarnarnesbær	439.-	234.754.-	235.193.-

* Skuldbinding vegna rekstrarleigu á hvern íbúa
** Skuldir á hvern íbúa samkvæmt ársreikningum
*** Skuldir og skuldbindingar á hvern íbúa

Í árslok 2004 nam núverandi framtíðarleiðing vegna samtals um 3.748 milljónum króna, sem nemur um 342 þúsund krónur á íbúa.

Arni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, segir að rekstrarstaða sveitarfélagsins hafi verið veik fyrir fjórum árum, þegar hann tók við embætti, en eignastaðan sterk. „Sveitarfélagið hefur tækifæri til að styrkja

rekstrarstöðuna með því að fjárfesta í samfélaginu. Það kostar sitt en tekurnar eru meiri en kostnaðurinn þegar upp er staðið og það er það sem við erum nú þegar að sjá gerast, og fyrr en við ætluðum,“ segir Arni.

„Ég vil benda á að það er í sjálfu sér út í hött að draga eingöngu fram skuldastöðu án tillit til eigna,“ segir hann. sda@frettabladid.is



Hádegisverðarfundur FVH miðvikudaginn 12. október á Grand Hótel

Mikið hefur gengið á í íslensku efnahagslífi á tiltölulega skömmum tíma og hefur ekki farið framhjá neinum þær miklu sviptingum sem átt hafa sér stað í kjölfar þess og þá sérstaklega á vinnu-markaðnum.

Fyrirlesarar:



Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins



Gunnar Haugen, forstöðumaður ráðningastofa IMG



Svali Björgvinsson, starfsmannastjóri KB-banka



Gunnar Páll Pálsson, formaður VR

FUNDURINN ER ÖLLUM OPINN!

Verð með hádegisverði er 3.000 kr. fyrir félagsmenn FVH og 4.800 fyrir aðra

Skráning á www.fvh.is í síma 551-1317 eða á fvh@fvh.is



VATNS ER ÞÖRF Þótt það hljómi þversagnarkennt hafa fórnarlömb flóðanna þjáðst af sárum þorsta undanfarna daga. Þessi gvatemölsku börn voru því fegin þegar hjálparstarfsmenn færðu þeim hreint vatn.

Að minnsta kosti þúsund látnir í Mið-Ameríku:

Þorpin orðin að fjöldagrafreitum

GVATEMALA, AP Yfir 130 lík hafa fundist í Gvatemala undanfarna tvo daga og er því fjöldi þeirra sem látist hafa í flóðum í kjölfar fellibylsins Stan kominn yfir eitt þúsund.

Björgunarsveitir komust í gær til bæjarins Tacana en allar samgöngur þangað höfðu lagst af vegna flóða. Þar fundust lík 130 manna sem týnt höfðu lífi í aurskríðum. Alls hafa því 652 farist í Gvatemala en 129 eru látnir af völdum flóða í öðrum löndum svæðisins.

384 eru ennþá ófundnir í Gvat-

emala, þar af 250 í bænum Panabaj. „Panabaj er ekki lengur til,“ sagði Diego Esquina, bæjarstjóri, en Panabaj lenti undir kílómetra breiðri aurskríðu sem var allt að sex metra þykk. „Við höfum farið fram á að bærinn verði gerður að grafreit. Við erum þreytt.“

Útfararsíðir indíána á svæðinu gera ráð fyrir að lík séu grafin með viðhöfn. Sjúkdómshætta sem fylgir því að grafa upp hálfrotnuð lík er hins vegar svo mikil að leit að látnum hefur víða verið hætt og þau látin hvíla í djúpri og blautri leðjunni. -shg

Alltaf afhent á Akureyri:

Árleg verðlaun sjónlistar

LISTIR Að frumkvæði Hannesar Sigurðssonar, forstöðumanns Listasafnsins á Akureyri, hefur verið ákveðið að koma á fót árlegri verðlaunahátíð myndlistarfólks og annarra listamanna er leggja stund á sjónlist í víðri merkingu. Hátíðin verður nefnd Íslensku sjónlistaverðlaunin og er samstarfsverkefni Akureyrarbæjar, menntamálaráðuneytisins, iðnaðarráðuneytisins og fagfélaga innan sjónlistar. Fyrsta hátíðin verður haldin haustið 2006. Gert er ráð fyrir að hin Íslensku sjónlistaverðlaun verði ætíð veitt á Akureyri.

Í tengslum við hátíðina verður efnt til ráðstefnu þar sem fjallað verður um málefni tengd sjónlistum. -kk



ABSTANDENDUR HÁTÍÐARINNAR Bæjar-yfirvöld á Akureyri, menntamála- og iðnaðarráðuneytið og fagfélög innan sjónlistar standa að baki verðlaunum.

LÖGREGLUMÁL

ÍBÚAR SLUPPU ÚR ELDI Báðir íbúar í tveggja hæða húsi við Fögrukinn í Hafnarfirði sluppu ómeiddir út þegar eldur kviknaði í húsinu um klukkan sex í gærmorgun. Eldurinn logaði í stofu á neðri hæð og voru slökkviliðsmenn fljótir að slökkva hann. Eldsupptök eru ókunn.

Nú eru það

VESTMANNAEYJAR



Velkomin í heiminn


Frítt niðurhal og miklu meiri hraði til Eyja
Loksins getum við boðið Eyjamönnum frítt niðurhal og
margfalt meiri hraða. Að auki bjóðum við upp á Hive netsíma
sem tryggir ykkur 5 kr. mínútuverð til yfir 30 algengustu
viðskiptalanda Íslendinga. Eyjamenn! Velkomnir í Hive.

Hive.is • Þjónustusími 414 1616 • hive@hive.is



RAÐMORÐINGI

sem þú kolfellur fyrir



„Frumlegasta spennusaga sem komið hefur út um árabíl.“

Publishers Weekly

Dexter Morgan er einn færasti blóðmeinafræðingur lögreglunnar í Miami. Hann er traustur og vinsæll og kann sitt fag. En innra með honum lúra myrk öfl sem knýja hann til hrottafenginna morða.

„Þið verðið að lesa hana!“

Time Magazine



Forsetakosningarnar í Póllandi:

Tusk og Kaczynski í tvísýna úrslitaumferð

PÓLLAND, AP Donald Tusk, frjáls-hyggjusinnaður sagnfræðingur sem er varaforseti pólska þingsins, varð hlutskarpastur í fyrri umferð forsetakosninga sem fram fóru í Póllandi á sunnudag. En forskot hans á helsta keppinautinn, íhaldsmanninn Lech Kaczynski sem er borgarstjóri Varsjár, reyndist aðeins vera rúm þrjú prósentustig.

Samkvæmt lokatölum sem kjörstjórnin birti í gær fékk Tusk 36,3 prósent atkvæða en Kaczynski 33,1 prósent. Þar sem enginn fékk hreinan meirihluta atkvæða verður kosið á milli þeirra tveggja í úrslitaumferð þann 23. þessa mánaðar.

Í fyrri umferðinni voru alls tólf menn í framboði, en erfitt þykir að spá fyrir um hvernig fylgið sem dreifðist á hina fram-bjóðendurna tíu muni skiptast á þá Tusk og Kaczynski. Sá fram-bjóðandi sem varð í þriðja sætinu



TUSK OG WALESA Samherjarnir úr Samstöðu, Donald Tusk og Lech Walesa, í Gdansk í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

í fyrri umferðinni, Andrzej Lepper, er hægripólisti sem nýtur mests fylgis meðal eldra fólks á landsbyggðinni. Líklegast þykir að kjósendur hans hallist frekar að Kaczynski en Tusk. Almennt þykir sennilegast að kjósendum bæði á hægri- og vinstri vængnum hugnist Kaczynski betur en kjósendur næst miðjunni styðji frekar Tusk.

-aa

Grunur um svindlpóst

Fjöldi fólks hefur fengið boð á „ókeypiss“ námsstefnu á Grand hóteli, sem ætlar ekki að hýsa hana. Lögreglan segir fólk ráða í hvað það eyðir peningunum.

„Ég hef sterkar grunsemdir um að markpóstlistinn sé unninn uppúr símaskránni með eða án leyfis Símans. Ég fann viðvaranir um þennan aðila á vefsíðunni badbusinessbureau.com og ákvað að hafa varann á,“ segir Helgi Þór Guðmundsson sölumaður.

Fjöldi fólks hefur fengið bréf inn um lúguna að undanförmu þar sem því er boðið að gerast þátttakendur í námsstefnu um markaðsetningu á netinu. Í bréfinu, sem er að hluta á íslensku og að öðrum hluta á ensku, er sagt að aðgangur sé ókeypis og matur sé innifalinn. Það eina sem fólk þurfi að gera sé að hringja í íslenskt símanúmer, svokallað 800 númer, sem leigt er hjá Símanum, skrá sig og greiða 1200 króna tryggingargjald sem síðan verði endurgreitt á ráðstefnunni.

Blaðamaður skráði sig á námsstefnuna í tilraunaskyni og hafði þá gjaldið verið hækkað í 3.125 krónur.

„Fólki hlýtur að vera sjálfrátt um það hvort það skráir sig í eitthvað svona og greiðir fyrir það sjáðu,“ segir Hrafn Grétarsson hjá embætti Ríkislögreglustjóra. Aðspurður hvað fólk eigi að taka til bragðs gruni það að ekki sé allt með felldu segir Hrafn að ekkert sé unnt að aðhafast nema einhver hafi orðið fyrir tjóni.



UMSLAGIÐ OG INNIHALD ÞESS Fjöldi fólks hefur fengið sendingar þar sem þeim er boðið á ráðstefnu sem er sögð ókeypis.

„Síminn hefur verið glóandi hjá okkur frá því fyrir helgi, fólk hefur viljað forvitnast um þessa ráðstefnu,“ segir Hrefna Jóhannsdóttir hjá Grand hóteli Reykjavíkur. Hrefna segir að hótelið hafi ákveðið að taka þessa bókun af dagskránni þar eð ekki hafi gengið að ná sambandi við þann sem upphaflega bókaði. „Fólk hefur komið hingað og sýnt okkur þennan póst og við viljum síður að hótelið sé bendlað við þetta,“ segir Hrefna.

Eva Magnúsdóttir, upplýsinga-fultrúi hjá Símanum, segir að ekki sé hægt að upplýsa um viðskiptavini fyrirtækisins. Ef grunur leiki á því að um ólöglega starfsemi sé að ræða þurfi lögregla að beita sér.

-saj

Kosið aftur um tvær sameiningartillögur:

Munaði einu atkvæði

SAMEINING Innan sex vikna þurfa íbúar í fimm sveitarfélögum að kjósa aftur um tvær sameiningartillögur.

Katrín Eymundsdóttir, oddviti í Kelduneshreppi, þar sem íbúar höfnuðu sameiningu með 50,9 prósentum atkvæða, segir að stefnt sé að því að kosið verði aftur fyrir 5. nóvember. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar réðst með aðeins einu atkvæði og því fyrirséð að það geti orðið spennandi kosningar.

Tillagan hljóðaði upp á sameiningu Aðaldælahrepps, Skútustaðahrepps, Húsavíkurbæjarhrepps, Tjörneshrepps, Kelduneshrepps, Óxarfjarðahrepps og Raufarhafnarhrepps. Af þeim var sameining felld í Aðaldælahreppi, Tjörneshreppi, Kelduneshreppi og Skútustaðahreppi. Litlar líkur teljast á



Á LEIÐ TIL MÝVATNS Kosið verður aftur um sameiningu meðal Mývetninga, Húsavíkinga og nágrannasveitunga þeirra.

á íbúum Aðaldælahrepps og Skútustaðahrepps snúist svo hugur að sameining verði samþykkt. En ef íbúar Kelduneshrepps og Tjörneshrepps samþykkja sameiningu geta stjórnir sveitarfélaganna fimm ákveðið sameiningu sín á milli.

Einnig þarf aftur að kjósa um sameiningu í Reykhólahreppi þar sem tæp 69 prósent íbúa höfnuðu sameiningu.

-ss

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Pitstop opnar á Íslandi



Í heimi akstursíprótta merkir pitstop örstutt pása. Ökumaðurinn fær tækifæri til að anda á meðan billinn er yfirfarinn og skipt er um dekk.

Nú hefur verið opnuð glæsileg Pitstop dekkjaverslun og þjónustustöð að Dugguvogi 10 í Reykjavík þar sem farið er eftir sömu formúlu. Viðskiptavinirnir njóta hvíldarinnar á Pitstop Café, glugga í blöðin eða athuga tölvupóstinn og leyfa krökkunum að dunda sér í leikhorninu.

Við sjáum um bilinn á meðan. Eftir furðuskamman tíma eru bill og eigandi til í næsta hring.

Starfsfólk Pitstop er traustur og samhentur hópur með mikla sérþekkingu og reynslu.

Hjá Pitstop fer saman góð þjónusta, frábær vara og mjög gott verð.

Frábær opnunartilboð



pitstop

Dugguvogi 10 • 104 Reykjavík

568 2020



GÓÐ ÞJÓNUSTA – GÓÐ VARA – GOTT VERÐ

Traustur bakhjarl bænda

Landsbankinn kaupir Lánasjóð landbúnaðarins

Landsbankinn býður viðskiptavini Lánasjóðs landbúnaðarins, sem og aðra bændur, velkomna til viðskipta við bankann. Útibúanet Landsbankans er hið þéttriðnasta á landinu og er vonast til að bændur eigi greiðan og þægilegan aðgang að bankanum. Jafnframt er það ávallt markmið Landsbankans að veita bændum landsins framúrskarandi þjónustu, ráðgjöf og hagstæð kjör.

Ræktum landið saman

Starfsfólk Landsbankans fagnar því að fá tækifæri til að vinna með bændum að nýtingu landsgæða og eiga sinn þátt í farsæld landbúnaðar á Íslandi með því að bjóða bændum heilsteypa fjármálaþjónustu á öllum sviðum.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Stærðin

skiptir stundum máli...

40
metrar



Stærsta spjótlyfta á Íslandi!



Við fögnum því að geta nú boðið viðskiptavinum okkar allar gerðir fjöldaframleiddra lyftna, frá litlum innivélum með 5,5m hámarksvinnuhæð upp í stærstu spjótlyftur sem ná allt að 40m vinnuhæð. Kynntu þér málið!

Hjá okkur færðu gæðapjónustu á betra verði með öryggið í fyrirrúmi.

Genie
A TEREX COMPANY



sími 565 4646 & 660 1700

WWW.ARMAR.IS

Armar ehf, Dalshrauni 3, 220 Hafnarfjörður

Fjölmiðlar fá betri upplýsingar en þingið segir Steingrímur:

Vill rannsókn á einkavæðingu

ALÞINGI Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra segir að stjórnvöldum sé ekki skylt að fara í einu og öllu eftir ráðgjöf þeirra sérfræðinga. Menn eru kjörnir til þess að taka ákvarðanir, sagði Halldór. Þetta kom fram í svari hans við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar, þingmanns vinstri grænna um aðgang þingsins að gögnum einkavæðingarnefndar.

Steingrímur sagði að einkavæðingarnefnd hefði keypt ráðgjöf fyrir hundruð milljóna króna en virtist hafa sjálfðæmi um það hvort hún nýtti þá ráðgjöf. „Er það pólitískur geðþótti sem ræður ferðinni ef ekki er farið eftir ráð-

gjöfinni,“ spurði Steingrímur.

Fréttablaðinu var á dögnum dæmdur aðgangur að upplýsingum einkavæðingarnefndar. Steingrímur gagnrýndi að þingmenn væru síðastir manna til þess að sjá upplýsingar einkavæðingarnefndar og hefðu lakari aðgang en fjölmiðlar.

Halldór Ásgrímsson sagði að menn væru kjörnir til að taka ákvarðanir og kvað framkvæmdarnefnd um einkavæðingu hafa komið til fundar við þingnefndir. - jh

HALLDÓR ÁSGRÍMSSON Halldór segir að stjórnvöldum sé ekki skylt að fara í einu og öllu eftir ráðgjöf sérfræðinga.



Loftmyndir bjóða í rekstur Landmælinga:

Landmælingar hætta

LANDMÆLINGAR Landmælingar Íslands munu hætta öllum samkeppnisrekstri ef frumvarp sem lagt verður fram nú í vetur verður að lögum. Þetta segir Magnús Jóhannsson, ráðuneytisstjóri í umhverfisráðuneytinu en fyrir helgi barst því tilboð frá Loftmyndum sem buðust til að taka við rekstri Landmælinga Íslands fyrir nær helmingi minni ársgreiðslur en Landmælingar hafa fengið síðustu ár.

Samkvæmt frumvarpinu yrði helsta hlutverk Landmælinga að halda gagnafrumritum til haga.

Í tilboði Loftmynda felst að kort þess yrðu opin almenningi að kostnaðarlausu. „Það er stefna ríkisins að öll opinber gögn séu almenningi aðgengileg og það gildir einnig um þessi gögn,“ segir Magnús.

„Þetta væntanlega frumvarp er ekkert svar við okkar tilboði, ég hef séð drög að því og það snýst að



LOFTMYND Forsvarsmenn Loftmynda segja að rauðu punktarnir ættu að merkja húsín en þeir eru af korti Landmælinga Íslands.

mestu um sölu á ferðakortum,“ segir Arnar Sigurðsson, markaðsstjóri Loftmynda. „Málið snýst hins vegar um það hvort skattgreiðendur eigi að fá betri kort fyrir minni pening, en kort Landmælinga eru arfavitlaus. Svo myndi almenningur fá aðgang að þeim án þess að þurfa að borga stórfjárhæðir fyrir þau, einn ganginn enn.“ bætir hann við. - jh

Kosning um sameiningu:

Uppskáru eins og sáð var

ALÞINGI Árni Magnússon félagsmálaráðherra sagði í utandagskrárumræðum á Alþingi í gær að almenningur hefði kveðið upp sinn dóm um sameiningu sveitarfélaga um síðustu helgi: „Þetta er lýðræðisleg aðferð og íbúarnir hafa neiturnarvald.“ Aðeins ein tillaga var samþykkt og 41 sveitarfélög af 61 felldi sameiningartillögu.

Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður vinstri grænna sagði að menn hefðu uppskorið eins og þeir sáðu og niðurstaðan bæri þess merki að tillögur um tekjustofna sveitarfélaga hefðu borist allt of seint.

Fleiri stjórnarandstöðubingmenn lýstu vonbrigðum með úrslit sameiningarkosninganna og kröfðu félagsmálaráðherra um skýringar. Íbúar væru orðnir þreyttir á að kaupa köttinn í sekknum og byrjað væri á öfugum enda við sameininguna. - jh

NISSAN
MICRA



SKIPT_ um væntingar



SÆTUST!

Micra
Verð 1.490.000.-

Með nagladekkjum. Sjálfskiptur, 6 diska geislaspilari, lykllaus, sjálfvirkar rúðupurrkur.



Ingvar Helgason Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.jh.is Opíð: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00



BÚÐIN

HP búðin - Brautarholti 10-14 - 105 Reykjavík
- www.budin.is - sími 568 5400 -



ÞAR SEM FAGMENNSKA OG GÆÐI KOMA SAMAN



HP Color LaserJet 2600n

Verð 29.900.-

business partner



HP lita geislaprentari með innbyggðu netkorti á ótrúlegu verði. Tengist beint við tölvu eða í gegnum beini. **Ert þú að versla við viðurkenndan HP endursöluaðila?**

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM VERDBREYTINGAR OG MYNDABRENGL - TILBOÐ GILDA Á MEÐAN BIRGDIR ENDAST

Verslaðu hjá viðurkenndum HP söluaðilum

HP búðin, Reykjavík, sími 568 5400 - TRS, Selfossi, sími 480 3300 - Stefna, Akureyri, Sími 464 2288
Samhæfni Tæknilausnir, Reykjanesbæ, sími 421 7755 - Tölvuþjónustan Akranesi, sími 575 9200

„ORÐRÉTT“

Einmitt það já

„...og þar að auki hefðu aflaheimildir, sem við höfum nýtt til atvinnu-uppbyggingar hjá okkur, glatast úr hreppnum.“

Guðný Sverrisdóttir, sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi, í Fréttablaðinu um sameiningarkosningarnar. Tveir íbúar hreppsins sögðu ja en 202 voru á móti.

Alveg jafn auðvelt

„Nú þegar hillir undir að Tónlistarhúsið verði að raunveruleika byggjum við auðvitað Óperuhúsið í Kópavogi eins og að drekka vatn.“

Ármann Örn Ármannsson, viðskiptafræðingur og áhugamaður um byggingu tónlistarhúss, í grein í Morgunblaðinu.

nær og fjær tilveran

SKÓGNARHÓLL SAMEINING SVEITARFÉLAGA



JÓNÍNA KRISTÍN BERG ÞÓRSNESGOÐI

Vantaði kynningu

„Ég held að það hafi vantað að kynna þetta betur svo fólk hefði betur séð hvaða breytingar hefðu orðið,“ segir Jónína Kristín Berg Þórsnesgoði um kosningarnar um sameiningu sveitarfélaga á laugardag en sem kunnugt er voru sameiningartillögur felldar unnvörpum. Aðeins ein tillaga var samþykkt.

Jónína segir greinilegt að litlu sveitarfélögin vilji halda sjálfstæði sínu og í því ljósi sé skiljanlegt að sameining hafi víðast hvar verið felld. „Það var ekki kynnt nógu vel hvað myndi breytast með sameiningu og hvað myndi halda sér,“ segir Jónína Kristín, sem býr í Borgarnesi. Á þeim slóðum hafa sveitarfélög verið sameinuð og veit hún ekki betur en að flestir séu sáttir við þær ráðstafanir og uni hag sínum vel.

Stærsti skógur landsins verður til

Uppi eru metnaðarfull áform um stórbrotna skógrækt í grennd við Heklu til að verja landið fyrir áföllum vegna öskufalls. Ef áætlanir ganga eftir munu Hekluskógar verða stærsti skógur Íslands.

„Þetta er forvörn en snýst líka um að endurheimta skógana,“ segir Hreinn Óskarsson skógfræðingur um Hekluskógaverkefnið, sem verður umfangsmesta skógræktarverkefni sem ráðist hefur verið í á Íslandi ef af verður. Svæðið sem um ræðir er feikilega stórt, nemur um einu prósentu af öllu landinu, og liggur vestur og norður af Heklu. Þar er nú örfokasvæði en horfur eru á að þar verði stærsti skógur landsins. Færist þá svæðið til fyrra horfs því við upphaf landnáms ku það hafa verið skógi vaxið líkt og svo stór hluti Íslands.

Hreinn Óskarsson hefur komið að undirbúningi verkefnisins ásamt fjölmörgum öðrum en að samráðsnefnd Hekluskóga standa landeigendur á svæðinu, Landgræðsla ríkisins, Skógrækt ríkisins, Landgræðslusjóður, Skógræktarfélag Árnesinga, Skógræktarfélag Rangæinga og Suðurlandsskógar.

„Hekluskógar munu hafa mikil og góð áhrif, til dæmis á dýralíf,



BJÖRGVIN Ö. EGGERTSSON OG HREINN ÓSKARSSON E.ÓL.



HEKLA Gangi áform um Hekluskóga eftir verða þeir stærstu samfelldu skógar landsins.

HREINN ÓSKARSSON

vatnsverndarmál og jafnvel ferðaþjónustu og útivist,“ segir Björgvin Ö. Eggertsson, skógfræðingur og starfsmaður samráðsnefndar um Hekluskóga. Hann nefnir sem dæmi að rjúpnastofninn myndi margfaldast þar sem rjúpan fengi gott griðland í skóginum. Þá myndu lífsskilyrði fólks á nærliggjandi svæðum batna, enda binda skógarinn jarðveg sem annars fýkur yfir tún og byggðir.

„Þetta fellur vel að alþjóðlegum skuldbindingum, til dæmis um líffræðilegan fjölbreytileika og Kyoto-samninginn,“ segir Hreinn.

Gangi allt eftir getur Hekluskógaverkefnið hafist næsta vor en ætlunin er að gróðursetja birki, gulvíði og loðvíðiplöntur í afmörkuðum lundum. Er svo hugmyndin að þaðan dreifi þær sér sjálfar yfir önnur svæði og verða Hekluskógar því sjálfsprottir að miklu leyti.

Vonast er til að gróðursetning geti hafist næsta vor og að hún verði komin á fullt eftir fjögur til fimm ár og verða þá gróðursettar um milljón plöntur á ári. Að þrjátíu árum liðnum á svo gróðursetningu að vera lokið.

„Ef þetta gengur eftir verður

þetta langstærsti samfelldi skógur á landinu,“ segir Björgvin.

Verkið er kostnaðarsamt en þeir treysta sér ekki enn til að nefna hve mikið það kostar. „Við teljum hins vegar að við Íslendingar höfum vel efni á þessu,“ segir Hreinn.

Málþing um Hekluskóga verður haldið í fundarsal Íslenskrar erfðagreiningar að Sturlugötu á morgun og stendur það frá 14 til 17. Þar verður verkefnið kynnt og munu meðal annarra Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra og Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra taka til máls.

HVAD ER AÐ FRÉTTA? STEINÞÓR JÓNSSON HÓTELSTJÓRI OG FRAMKVÆMDASTJÓRI

Nóg að gera og spennandi tímar fram undan

„Ég er í Belgíu og hér er gott að vera,“ segir Steinþór Jónsson sem mæðist í mörgu. Hann er hótellstjóri á Hótel Keflavík, framkvæmdastjóri Ofnasmiðju Suðurnesja og fulltrúi Sjálfstæðisflokks í bæjarstjórn Reykjanesbæjar. Hann er í Belgíu á vegum Ofnasmiðjunnar. „Ég er að hitta birgja okkar og fara yfir stöðuna,“ segir Steinþór, sem lætur vel af móttökum viðskiptavina hans.

Þó hótellstjórinn bregði sér af bæ gengur lífið á hótelinu sinn vanangang. „Ég er í stöðugu simasambandi heim til að fylgjast með, það er mikið að gera á hótelinu enda stoppa ekki gesta-

komur þótt maður bregði sér í burtu.“

Steinþór segir talsvert um að Íslendingar á leið til útlanda hafi viðdvöl á hótelinu enda borgarferðir vinsælar á þessum árstíma. „Svo er mikið um fundi og ráðstefnur og það er mjög jákvætt að þurfa að leysa úr vandamálum í gegnum síma,“ segir hann.

Veturinn leggst vel í Steinþór og hann segir margt spennandi á döfinni. „Það er sama á hvaða vígstöðvum það er, hvort sem er í Ofnasmiðjunni, á hótelinu eða í pólitíkinni, þá eru mjög spennandi tímar fram undan.“



Fimmfaldir punktur!

Safnkortshafar
sem **kaupa**
eldsneyti í
dag á ESSO
stöðvunum
fá **fimmfalda**
punktur inn á
Safnkortið.



Safnkort

Punktaðu það hjá þér!



Núna Haust uppskera 200.000 í afslátt á meðan birgðir endast. Komdu í dag.

Veldu Exp Nýtt ta... gæði

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestur-bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Uplifðu nýtt tákni um gæði - veldu Ford.

Það er munur á Explorer og Land Cruiser

Besta einkunn sem hver jeppi getur hlotið eru draumarnir um að fá að njóta hans hvern dag - að vera á draumajeppanum. Vinsælasti draumur er Ford Explorer enda mest seldi jeppi í heimi. Hinsvegar hefur Toyota Land Cruiser verið draumur Íslendinga, hingað til, enda sterkur torfærjeppi byggður á grind með hátt og lágt drif eins og Explorer. Í gegnum tíðina hefur Land Cruiser hrifið okkur drifið á tinda landsins en staðlaðir breytingarþjónustulund starfsfólks P. Samúelssonar ehf. torfærana að spennandi viðfangsefni í krafti d... innar, sumar sem vetur.

Nú er öldin önnur. Gömul tákni eru fallin. Og við. Íslendingar velja nú aðra eiginleika en að mið hafa verið tekin í átt að þægindum, mykt... öryggi sem sést á auknum vinsældum Explorer. Það er munur á hagstæðu verði. Sala á óbreytt... Cruiser hefur aukist sem er önnur visbending... viðhorf og auknar kröfur um þægindi. Reyndar er er... að bera Land Cruiser saman við Explorer þar...

Í gæðalista staðalbúnaðar XLT Sport:

- Alfskiping.
- Stöðugleikastýrikerfi.
- Þrjú veltivör.
- Lágt drif.
- 245/65R17 dekk.
- Önun, framan og aftan.
- Stemlar (ABS).
- Stýri fyrir ökomann og gæmsætum.
- Stýri Cruise Control).
- Stýri með fjarstýringu.
- Stýri með plussáklæði.
- Stýri mannsæti.
- Stýri stúðara.
- Rafdrifnar rúður, framan og aftan.
- Rafknúinir útibaksýnispeglar.
- Tvískiptur afturhleri.
- Gangbretti.
- Ford útvarp með geislaspilara.
- Litað gler að aftan.
- Loftekling.
- Geymsluhöf milli sæta.
- Toppbogar.
- Útihamælir og áttaviti.
- Stokkur í lofti með lesljósum.
- Baksýnispegil með dimmingu.
- Leðurklætt stýrishjól.
- Heimreiðarjós.

Búnaður í Eddie Bauer:

- Stýri með leðuráklæði.
- Stýri sæti.
- Stýri með minni.
- Stýri m.
- Stýri fyrir hljómtæki.
- Stýri hraðstilli.
- Ford Audio System með 6 diska geislaspilara og 5 hátölurum.
- Aksturstölv.
- Samlit stígbretti.
- Tölvustýrt loftekling.
- Klæðning á hliðum í „beige“ lit.

... í Limited:

- Krómaðar felgur.
- Krómaðir þakbogar.
- Samlit klæðning á hliðum.

Nýttu haustuppskeruna Skoðu Ford Explorer í bílaverslun Brimborgar



● **Ford Explorer XLT Sport 4,0i V6 sjálfskiptur**
 Listaverð 4.190.000 kr.
Afsláttur -200.000 kr.
 Uppskeruverð 3.990.000 kr.
 Bílasamningur 41.500 kr.
 Rekstrarleiga 74.400 kr.



● **Ford Explorer Eddie Bauer 4,6i V8 sjálfskiptur**
 Listaverð 4.675.000 kr.
Afsláttur -200.000 kr.
 Uppskeruverð 4.475.000 kr.
 Bílasamningur 46.500 kr.
 Rekstrarleiga 84.200 kr.



● **Ford Explorer Limited 4,6i V8 sjálfskiptur**
 Listaverð 4.795.000 kr.
Afsláttur -200.000 kr.
 Uppskeruverð 4.595.000 kr.
 Bílasamningur 47.800 kr.
 Rekstrarleiga 87.800 kr.

● **Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.** Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir þinn gamla bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í greiðir upp lánið á gamla bílnum.

Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.



Öruggur staður til að vera á

99 kr. dagurinn



99 kr./pk.

Celebration glös 3 stk.



99 kr/stk.

Sparibaukur 4 tegundir



99 kr/stk.

Glös margir litir



99 kr/stk.

Skálar margir litir



99 kr/stk.

Mjúkur spegill



99 kr/stk.

Stór taska m/rennilás



99 kr/stk.

Mokkabollar m/undirskál



99 kr/stk.

Trompet 3 litir




99 kr/stk.

Bílar margar gerðir



99 kr/stk.

Mótorhjól margar gerðir



99 kr/stk.

Ökklaskar



99 kr/stk.

Ökklaskar hvítir



99 kr/pk.

Dreadies armbönd 50 stk. í pakka

Tilboðin gilda 11. október eða meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



99 kr/stk.

Trópi



99 kr/pk.

Texas pizza 300g



99 kr/stk.

Risabrauð 1 kg.



99 kr/pk.

Pepsi 2 lítra



99 kr/stk.

Stjörnu hrásalat



99 kr/pk.

Borgarnes beikon



99 kr/pk.

Kutter síld 270g



99 kr/stk.

Crazy soap



99 kr/pk.

Pagen kanelnúðar



99 kr/pk.

Mestemacher brauð



99 kr/stk.

Baðbombur



99 kr/stk.

GK ís vanillu og súkkulaði




99 kr/kg.

Klementínur

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

FJÖLDI MJÓLKURKÚA Á LANDINU



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: BÓLUEFNI

Veirum sprautað í hraustan líkama

Viða um heim framleiða lyfjaverksmiðjur nú bóluefni gegn fuglaflensunni alræmdu en með markvissri bólusetningu má milda mjög afleiðingar pestarinnar.

Hvenær var fyrst farið að nota bóluefni?

Árið 1796, þegar skæður bólusóttarfaraldur geisaði í Evrópu, tók breski læknirinn Edward Jenner upp á því að sprauta James Phipps, átta ára gamlan pilt úr þorpínu þar sem þeir bjuggu, með efni sem innihélt kúabóluefni, en kúabóla er skylt en mildara form bólusóttar. Drengurinn jafnaði sig fljótlega af kúabólunni og þá sprautaði Jenner hann í staðinn með hinni banvænu bólusóttarveiru en Phipps kenndi sér einkis meins.

Hvernig verka bóluefni?

Bóluefni eru sjúkdómsvaldandi bakteríur eða

veirur sem hafa verið skaddaðar með einhverjum hætti, svo sem hitun. Ónæmiskerfi líkamans bregst við árás þessara veikluðu örvera, eyðileggur þær og leggur þær svo á „minnið“. Þessu geta fylgt minniháttar sjúkdómseinkenni. Þegar líkaminn smitast svo af raunverulegum krankleika er ónæmiskerfið í stakk búið til að vinna á sjúkdómnum, til dæmis með því að eyða sýktum frumum áður en veiran nær að margfalda.

Hvaða árangri hafa bóluefni náð?

Bólusótt, einhverri mestu skaðæðispest mannkynssögunnar, hefur nú með öllu verið útrýmt, þökk sé bóluefni. Slíkar ráðstafanir hafa einnig dregið mjög úr tíðni og áhrifum sjúkdóma á borð við mislinga, rauðra hunda og lömunarveiki.

Hvað með aukaverkanir?



Bólusett í Indónesíu.

Aukaverkanir eru yfirleitt minniháttar. Á síðasta áratug voru hins vegar rannsóknir birtar sem virtust benda til tengsla á milli bólusetningar við algengum barnasjúkdómum og iðrapesta og einhverfu. Ekki hefur þó verið sýnt fram á þetta með öyggjandi hætti.

SPURT OG SVARAD:

SKIPULAGSMÁL VIÐ MIKLUBRAUT

Af verkfræði- fimleikum

Margir hafa spurt sig hvað verði um blokkina í Lönguhlíð númer 25 ef Miklubraut verður breikkuð en blokkin stendur fáeinum metrum frá götunni. Dagur B. Eggertsson er formaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar.



DAGUR B. EGGERTSSON

Á að gera einhverjar breytingar á Lönguhlíð 25?

Nei, það stendur ekki til en ég hef reyndar séð útfærslur sem gerir ráð fyrir því að blokkin „viki tímabundið“ eins og það var orðað og verði svo að hluta til byggð upp aftur en slíkt finnst mér náttúrliga vera til marks um það að stundum verðum við að halda aftur að framkvæmdarofurhuganum og ræða málin af meiri yfirvegun og skynsemi.

En hvernig á þá að breikka Miklubraut?

Það er enn alveg óleyst mál hvernig menn myndu leysa það. Ég hef verið spenntastur fyrir því að láta umferðina fara um stökk neðanjarðar þá væri hægt að búa til vistlega íbúabyggð með rólegri umferð á yfirborði.

Þegar jörðin ræðst á börnin sín

Yfir 30.000 manns eru taldir hafa látist af völdum jarðskjálftans í Pakistan á laugardaginn. Fórnarlömbin bætast í hóp þeirra hundruð þúsunda sem farist hafa í skjálftum síðustu áratugi.

Þótt stærð jarðskjálftans í pakistanska hluta Kasmír á laugardaginn hafi ekki verið „nema“ 7,6 var eyðilegging og mannfali af hans völdum gífurleg. Talið er víst að 30.000 manns hafi farist og er heldur búist við að sú tala eigi eftir að hækka. Í Mansehra-héraði hrundu tveir barnaskólar og biðu við það 400 skólaborð bana. Tugþúsundir eru slasaðar, heilu þorpin jöfnuðust við jörðu, veitukerfi eru í molum og lyf og matur eru af skornum skammti. Gripdeildir og glundroði ríkja víða á hamfarasvæðunum og hefur hjálparstarf gengið erfiðlega.

Mannskæðustu náttúruhamfarirnar

Eldgos, skógareldar, fellibyljir og flóð eru á meðal þeirra hamfara sem dynja yfir jarðarbúa með reglulegu millibili. Af þeirri óáran sem móðir náttúra leggur á börn sín eru hins vegar jarðskjálftar þeir mannskæðustu en flóðbylgjur koma þar á eftir. Þegar þetta tvennt fer saman, jarðskjálftar og



ALGER EYÐILEGGING Borgin Balakot í Pakistan varð illa úti í jarðskjálftanum á laugardaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

flóðbylgjur í kjölfar þeirra, verður skaðinn geigvænlegur. Þannig eru jarðskjálftinn á Súmöturu og flóðbylgjan í kjölfar hans á öðrum degi jóla í fyrra einhverjar verstu náttúruhamfarir sögunnar, að minnsta kosti þrjú hundruð þúsund manns týndu lífi í þeim hörmungum.

Ástæðan fyrir því að jarðskjálftar eru eins skæðir og raun ber vitni er einföld: Skjálftarnir ríða yfir með litlum eða engum fyrirvara og því er afar erfitt að spá fyrir hvenær þeir verða. Vísindamenn geta mælt spennu í bergi og metið út frá því hvort jarðskjálfti sé líklegur eða ekki, en hvenær nákvæmlega örlagastundin rennur upp er nánast útilokað að fullyrða. Krafturinn sem svo losnar úr læðingi er svo mikill að hús og hýbýli hrynja eins og spilaborgir og þeir sem eru innandyrá grafast undir rústunum, aðrir verða fyrir fallandi hlutum.

Jarðskjálftinn sem varð á laugardaginn er á mótum tveggja jarðflekka. Indlandsflekinn gengur

á þessum slóðum undir Evrasíuflekann með um fimm sentimetra hraða á ári. Jarðskorpan er mjög þykk á þessum slóðum og því getur hún bundið mun meiri orku en á plötuskilum, til dæmis við Ísland. Því verða skjálftar á plötumótum, eins og í Pakistan og á Súmöturu um jólni, svona stórir og valda svo mikilli eyðileggingu.

Hátt í milljón hefur látist

Jarðskjálftinn og flóðbylgjan í Indlandshafi 26. desember 2004 er eins og áður segir sá atburður sem mestu manntjóni hefur valdið. Enginn hörgull er hins vegar á mannskæðum skjálftum undanfarna áratugi. Eins og sjá má af meðfylgjandi korti lætur nærri að samanlagt mannfali úr stærstu skjálftum síðustu aldar slagi hátt upp í milljón.

Skemmst er að minnast skjálftans sem þurrkaði borgina Bam í Íran út á öðrum degi jóla 2003 en þar fórust um 27.000 manns. Tæpum þremur árum áður létust 20.000 manns í Gujarat-héraði á

Indlandi en auk þess missti þar ein milljón manna heimili sín. Mörgum er svo jarðskjálftinn nærri Izmit í Tyrklandi árið 1999 í ferðu minni þar sem 17.000 manns fórust. Mannfallið í jarðskjálftanum sem lagði kínversku borgina Tangshan í rúst 28. júlí 1976 er hins vegar það mesta sem orðið hefur beinlínis af völdum skjálfta (langflest dauðsföllin í Indlandshafsskjálftanum um síðustu jól voru vegna flóðbylgjunnar), þar biðu að minnsta kosti 250.000 manns bana. Aftur á móti má segja að afleiðingarnar af þeim hildarleik nánast blikni miðað við jarðskjálftann í Shaanxi í Kína árið 1556. Þótt upplýsingar frá þeim tíma séu ekki með öllu áreiðanlegar er talið að 830.000 manns hafi týnt þar lífi. Sá skjálfti er þar með sá skæðasti í mannkynssögunni.



FRÉTTASKÝRING

SVEINN GUÐMARSSON
sveinn@frettabladid.is


DV

HEFUR ÞÚ SÉÐ ÞENNAN MANN?

Stórhættulegur strokufangi laus í mánuð

– STRAUK FYRIR HEILUM MÁNUÐI
– RÚNAR ER ÞEKKTUR OFBELDISMÁÐUR
– LÖGGAN TÝNDI HANDTÖKUSKIPUN

Þeirir þegar aðrir þegja!



MANNSKÆÐUSTU JARÐSKJÁLFTAR SÍÐUSTU 100 ÁRA

LANCÔME
PARIS

TAKTU TÍMANN MEÐ TROMPI ...MEÐ VÖRUM SEM HÆFA ÞÍNUM ALDRI

HVERJU KREMI FYLGIR TASKA OG 3 FERÐASTÆRÐIR AF VÖRU

- > PRIMORDIALE OPTIMUM - lagfærir fyrstu merki öldrunar
- > RÉOLUTION - vinnur á áherslulínum og hrukkum
- > RÉNERGIE - styrkir húðina og lagfærir hrukkur
- > RÉNERGIE MORPHOLIFT - styrkir húðina, lagfærir hrukkur og endurmótar útlínur andltisins
- > ABSOLUE - endurbyggir og endurnærir húðina, ásamt því að endurlífga húðlitinn

DÆMI:

MEÐ RÉNERGIE MORPHOLIFT 50ml kremi fylgir gjöf að verðmæti 5.000 kr.:

- > Taska
- > Rénergie Morpholift sérum 10ml
- > Bi-Facil 30ml
- > Rénergie Morpholift Yeux 5ml

Glæsileg tilboð á næsta Lancôme útsöluastað



skoðun

**SJÓNARMÍÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON**

Stóru flokkarnir í Þýskalandi snúa bökum saman.

Gæti þetta gerst hér?

Sumir segja að Þjóðverjar hafi eignast sína Margréti Thatcher nú þegar samkomulag hefur tekist um að Angela Merkel, leiðtogi Kristilegra demókrata, verði næsti kanslari Þýskalands, fyrst kvenna til að gegna þessu valdamikla embætti í höfuðríki Evrópu. Aðrir telja sig fremur sjá í fari hennar drætti úr pólitískum svip Tony Blair. Kannski hefur hún eitthvað frá þeim báðum; það gæti verið góð blanda.

Annars eru víðfangsefnir í Þýskalandi að ýmsu leyti ólík þeim sem breskir stjórnálmenn glíma við. Í kosningabaráttunni í Þýskalandi lögðu Merkel og flokkssystkini hennar höfuðáherslu á efnahagsmálin, ríkisfjármál og atvinnulífið. Merkel vill afa ríkinu aukinna tekna með hækkun virðisaukaskatts. Þá vill hún lækka ýmsar álögur á fyrirtæki og skapa aukinn sveigjanleika á vinnumarkaði, hvort tveggja í því skyni að fjölga störfum, en atvinnuleysi í Þýskalandi er um tólf prósent og hagvöxtur með því minnsta sem þekktist í Evrópu.

Enn er óljóst hvernig málefnaáttmáli hinna nýju ríkisstjórnar kristilegra demókrata og jafnaðarmanna mun líta út. Þó blasir við að hinir fyrrnefndu hljóta að ná fram þýðingarmiklum kosningamálum sínum. Vorverkin sem þýskt efnahagslíf þarfnast svo mjög kunna að verða framkvæmd nú á haustdögum.

Hér á landi hafa menn talið það annmarka á hugmyndum um stjórnarsamstarf Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar að þeir væru hvor um sig of stórir til að ríkisstjórn þeirra gæti lukkast. Kannski hin nýja stjórn í Þýskalandi verði til þess að forystumenn flokkanna endurskoði afstöðu sína.

Jafnaðarmenn munu fá utanríkisráðuneytið í sinn hlut. Það verður í fyrsta skipti í marga áratugi sem annar höfuðflokkur þýskra stjórnamála fer með utanríkismálin. Margir telja að það hafi veikt Þýskaland á alþjóðavettvangi að utanríkisráðherra landsins hafa komið úr smáflokkum, nú síðast úr flokki Grænningja.

Ríkisstjórn kristilegra demókrata og jafnaðarmanna verður gífurlega sterk á þingi. Það býður þeirri hættu heim að stjórnarandstaðan verði máttlítil. Það er alltaf áhyggjuefni í lýðræðisríki. En sá kostur að jaðarflokkar með lítið kjörfylgi geti haft úrslitaáhrif í ríkisstjórn er ekki mjög spennandi. Af því hefur víða margt slæmt hlotist. Niðurstaðan um stjórnarmyndunina var byggð á raunsæju mati og verður Þýskalandi vonandi til framdráttar. Ljóst er að sterkri stjórn í Berlín er fagnað víðast hvar í Evrópu, ekki síst í höfuðstöðvum Evrópusambandsins í Brussel, þar sem öllum er orðin ljós þörfin á auknum mynduleika í forystunni.

Athyglisvert er hve litla rullu það hefur spilað í kosningabaráttu kristilegra demókrata að Merkel er kona. Áherslan hefur verið á málefni og einstakling sem hafist hefur til æðstu metorða í krafti hæfileika og menntunar. Vel má vera að þeir dagar séu að renna upp að það þyki svo sjálfsagt að konur séu í forystu í stjórnálmum að það þurfi ekki að hafa orð á því.

Hér á landi hafa menn talið það annmarka á hugmyndum um stjórnarsamstarf Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar að þeir væru hvor um sig of stórir til að ríkisstjórn þeirra gæti lukkast. Kannski hin nýja stjórn í Þýskalandi verði til þess að forystumenn flokkanna endurskoði afstöðu sína.

SIAL HITABLÁSARAR

Hágæða rafmagns- og steinolíublásarar



Margar stærðir og gerðir
- hagstætt verð

MÚRBÚÐIN

Kletthálsi 7 · 110 Reykjavík
Sími 544 5470 · www.murbudin.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Nýr húsbóndi

Áhorfendur Sjónvarpsins hafa verið minntir á það rækilega á hverju kvöldi að undanförunu að nýr stjórnandi er tekinn við í Efstaleiti. Þáll Magnússon útvarpsstjóri hefur verið iðinn við að lesa sjónvarpsfréttir; kannski til að reyna að draga úr því áfalli sem sumir áhorfenda hljóta að hafa orðið fyrir þegar sjármörinn Logi Bergmann skipti um lið á dögnum. Nema útvarpsstjórallaunin séu svona lág miðað við sældina í gamla starfinu? En innanbúðarmenn á Ríkisútvarpinu þurfa þó ekki að horfa á útvarpsstjórnann lesa fréttir til að vita að nú blása aðrir vindar en forðum á heimavígstöðvunum. Sagt er að á

hverjum degi sjáist þess einhver merki að húsbóndaskipti hafa orðið.

Myndin truflaði

Það telst ekki stórvægileg breyting að málverk af fyrirennara Páls, Markúsi Erni Antonssyni, hafi verið fært til í húsinu. Allir skilja að það er óþægilegt fyrir þann nýja að hafa andlitid á þeim gamla fyrir sér á hverjum degi. Hitt er þýðingarmeira að næstráðendum nýja útvarpsstjórans, framkvæmdastjórnum hljóðvarps og sjónvarps, hefur verið kennt sú lexía að nú er aðeins einn maður í brúnni og hann stýrir skútunni. Ákveðið hefur verið að framkvæmdastjórnarnir sitji framvegis ekki fundi útvarpsráðs nema þeir séu sérstaklega til þess kvaddir. Tillagan um þetta



var víst borin upp af formanni útvarpsráðs, en ekki getur það hafa verið í óþökk nýja útvarpsstjórans.

Hvorki kóng né prest

Þá þykir það tímanna tákni að nýi útvarpsstjórnin ræður menn í áberandi störf við dagskrárgerð án þess að spyrja kóng eða prest. Það sýndi sig vel þegar nýtt starfsfólk í Kastljósið var ráðið á dögnum. Áður var venja að fara með slík mál fyrir útvarpsráð. Meirihlutinn í ráðinu mun ekki gera athugasemdir við þetta, að sagt er. Línan frá stjórnvöldum, menntamálaráðherra og hugsanlega títtnefndum „ónefndum manni“, mun vera sú að styðja beri nýja útvarpsstjórnann, því framtíð stofnunarinnar velti á að honum takist vel upp.

gm@frettabladid.is

Fagmenn og aðrir menn

Ég var stundum að velta því fyrir mér af hverju yfirmaður fréttasviðs Ríkisútvarpsins læsi fréttir í sjónvarpinu. Ákvað svo, svona fyrir mig og eftir samráð við eiginmanninn, að blessaður maðurinn væri einfaldlega að auka tekjur sínar. Fannst þetta reyndar svolítið þúkt af honum, hann ætti frekar að láta undirmönnum sem væntanlega hafa lægra kaup en hann þennan bitling eftir, en svo hætti ég alveg að velta þessu fyrir mér. En nú hefur verið bætt um betur og útvarpsstjórnin er farin að lesa fréttirnar, ljóst er af spjallþáttum og litlum fréttaklausum að fleiri hafa tekið eftir því en ég. Sjálfur segir útvarpsstjórnin að það sé gott að geta hlaupið í skarðið þegar vanti fólk, ég velti fyrir mér hvort hann ætli líka að hlaupa í skarðið þegar símvörðurinn veikist eða fer í fri.

Ung kona í útvarpsþætti stakk reyndar upp á því að þetta væri bara ágætt og góð birtingarmynd þess að nú væri „fagmaður“ útvarpsstjóri. Hún er svo ung að hún vissi auðheyranlega ekki að fráfarandi útvarpsstjóri er einnig reyndur fréttamaður. Viðmælendurnir leiðréttu hana, en einhver sagði reyndar eitthvað í þá áttina að útvarpsstjórnin núverandi væri meiri fagmaður en fyrirrennarar hans að því leyttinu að hann hefði verið útvarpsstjóri áður (þ.e. á Stöð 2 eða hvað?), sem ef vel er að gáð er líka vitlaust, því sá fráfarandi hafði líka verið útvarpsstjóri áður síðast þegar hann var skipaður, kannski er óþarfi að rifja það upp. Samt varla hægt að neita sér um það þegar umræðan er komin á þessar brautir. Stundum finnst mér fagmannstalið á villigötum.

Fagmennskan var til umræðu

Í DAG

FRÉTTALESTUR
ÚTVARPSSTJÓRA

VALGERÐUR
BJARNADÓTTIR



Ung kona í útvarpsþætti stakk reyndar upp á því að þetta væri bara ágætt og góð birtingarmynd þess að nú væri „fagmaður“ útvarpsstjóri. Hún er svo ung að hún vissi auðheyranlega ekki að fráfarandi útvarpsstjóri er einnig reyndur fréttamaður.

þegar nýr formaður stjórnar Seðlabankans var skipaður. Fráfarandi formaður sagði að kollegar sínir í útlöndum segðu starfið vera list en ekki fag. Vel má færa rök að því að formaður stjórnar Seðlabankans þurfi ekki að vera hagfræðimenntaður því hann hafi hirð hagfræðinga að vinna fyrir sig. Seðlabankastjórnin þarf hins vegar að skilja það sem þeir segja og bregðast við því. Mér finnst nýi seðlabankastjórnin ekki hafa verið neitt vöðalega góður í listdansi ákvarðananna hingað til, þess vegna held ég að hann sé ekki besti maðurinn í starfið. En hann er auðvitað fyrrverandi ráðherra, meira að segja fyrrverandi forsætisráðherra og við vitum að slíkum mönnum verður einhvern veginn að útvega vinnu.

Alþingi réð á dögnum einn af löglærðum fyrrverandi forsætisráðherra þjóðarinnar til að

gerast sagnfræðingur. Sá vildi ekki vera sendiherra lengur. Væntanlega skerðast engin eftirlaun þess ágæta manns þar sem nýja starfið er ritstörf, eða hvað? - getur það verið?

Þeir sem vilja verða borgarstjóri og kannski seinna forsætisráðherra eru á fullu spani þessa dagana. Einn þeirra hafði látið slæðast inn í einhverja bók að hann hefði háskólapróf, sem hann hefur ekki. Sumir gera mikið úr þessu frumhlaupi mannsins, aðrir telja það litlu máli skipta. Nú er langt í frá að ég sé þeirrar skoðunar að prófgráður segi allt eða jafnvel mikið um hæfni fólks til aðskiljanlegra verka, hitt er þó ljóst að þeir sem telja prófgráðu til eða frá ekki skipta máli hafa augljóslega ekki skoðað margar atvinnuauðgýsingar nýlega.

Bláamennska er líka fag. Deilt er um hvort faglega hafi verið að verki staðið þegar netpóstur nafnkunnra einstaklinga var birtur í þessu blaði. Birtingin leiddi í ljós að innstu koppar í buri Sjálfstæðisflokksins lögðu eitthvað, jafnvel talsvert, af mörkum til að böndum yrði komið á þá meintu þrjúta sem kenndir eru við Baug. Maður veltir því fyrir sér hvort það sé svo slæmt að stuðla að því að réttlætið nái fram að ganga. Af viðbrögðum þeirra sem áttu póstin virðist það hið versta mál að framgang þeirra í þágu réttlætisins varð lýðum ljós. Við eigum náttúrlega öll að reyna að haga okkur þannig að gerðir okkar þoli dagsljósið, ef þær gera það ekki, þá eigum við að minnsta kosti að hafa vit á að vera ekki að skrifast á um það. Ef maður hefur ekki vit á því getur maður engum um kennt nema sjálfum sér og ívitnanir í friðhelgi einkalífsins mega sín lítils.

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna
viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 - prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaffahlíð 24, 105 Reykjavík **ABALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÓNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 - prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Viðurkenning og aðfararhæfi erlendra dóma á Íslandi

UMRÆÐAN
DÓMURINN YFIR
HANNESI HÓLM-
STEINI



RAGNAR ADALSTEINSSON
HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

„Það sem ritstjórn Fréttablaðsins yfirsést er að Jón Ólafsson var búsettur í London og þar kom tjónið fram. Hann lögsækir því Hannes á brotavarnarþinginu í samræmi við bæði íslensk og ensk lög. Hinn enski dómstóll var því að fjalla um tjónsatburð í Englandi.“

Í ritstjórnargrein í Fréttablaðinu laugardaginn 8. október undir yfirskriftinni „Valdsvið erlendra dóma á Íslandi“ lýsir ritstjórn blaðsins áhyggjum sínum af því sem ritstjórnin nefnir ihlutunarrétt erlendra dómstóla um það sem sagt er í opinberum umræðum á Íslandi. Tilefni ummælanna er að Jón Ólafsson höfðaði dómsmál í Englandi á hendur Hannesi Hólmsteini Gissurarssyni, prófessor við Háskóla Íslands, út af ærumeiðandi ummælum Hannesar um Jón, sem Hannes birti á ensku á veraldarvefnum. Ummæli þessi gerði Hannes öllum aðgengileg með því að birta þau á ensku á veraldarvefnum. Jón Ólafsson starfar í Englandi og varð þess var að ummæli Hannesar voru honum til trafala þar og víðar. Hafa ber í huga að ummælin

voru birt á vef Háskóla Íslands, elsta og virtasta háskóla landsins, og höfundur ummælanna er prófessor við þessa virtu menntastofnun. Þetta tvennt, að ummælin voru birt á vef Háskóla Íslands og höfundur þeirra er prófessor við þá stofnun, jók mjög vægi ummælanna í huga þeirra sem ekki þekkja til íslenskra aðstæðna. Vera má að ekki hefði verið brýnt tilefni fyrir þann sem fyrir ærumeiðingunum varð að höfða mál gegn Hannesi ef þau hefðu einungis verið birt á íslensku og birtingin verið í íslensku dagblaði. Mat á því ræðst öðrum þræði af því hvort sá sem fyrir ærumeiðingum verður telji að einhverjir taki mark á ummælunum. Niðurstæða slíks fer m.a. eftir því hvort höfundur ummælanna eigi sér sögu slíkra opinberra ummæla og svo sé komið að almenningur telji að það sem hann birtir um aðra sé marklaust. Með því að birta ummælin á veraldarvefnum á heimsmáli sem flestir skilja og leitast við að auka trúverðugleika þeirra með því að nota prófessor-snafnbótina og birta ummælin undir merkjum Háskóla Íslands gjörbreyttust áhrif ummælanna. Lesendur í öðrum löndum höfðu enga ástæðu til annars en vera í góðri trú um sannindi ummælanna. Í síðuðum löndum gæti það vart gerst að prófessor færi með rangar og meiðandi staðhæfingar um aðra undir merkjum virts háskóla án þess að háskólinn gripi til aðgerða gegn prófessornum. Þess utan er vart önnur skýring á því hvers vegna íslenskur prófessor birtir ummæli um íslenskan mann á ensku en sú að höfundur hafi ætlað að ná til annarra en

Íslendinga og tryggja þannig að skaðleg ummælin hefðu áhrif utan Íslands. Þegar svo var komið málum var ekki um annað að ræða fyrir Jón Ólafsson en höfða mál á hendur Hannesi á þeim stað þar sem ummælin höfðu hvað neikvæðust áhrif. Það var þó ekki gert fyrir en Hannesi hafði gefist kostur á að leysa málið á sanngjarnan og háttvísan hátt. Hann valdi ekki þann kost. Þrátt fyrir fulla vitneskju um málshöfðunina í Englandi fyrir High Court með nægum fyrirvara tók Hannes þá ákvörðun að halda ekki uppi vörnum fyrir dómstólum og hefur hann útskýrt það með því að hann hafi byggt ákvörðunina á lögfræðiráðgjöf frá Háskóla Íslands og dómsmálaráðherra. Með Lúganó-samningnum er leitast við að samræma reglur í Evrópu um varnarþing og fullnustu í einkamálum. Ákvæði samningsins hafa verið lögleidd hér á landi. Aðalreglan er að heimilisfesti ráði varnarþingi sem fyrir en frá henni eru margvíslegar undantekningar. Sú sem hér skiptir máli er reglan um brotavarnarþing. Hafi maður gerst sekur um skaðabótaskyldan verknáð utan heimilisvarnarþings getur tjónþoli valið á milli þess að lögsækja hinn bótaskylda á heimilisvarnarþingi hans eða á þeim stað sem brotið var framið, sem nefnist brotavarnarþing. Þorsteinn Pálsson, þáverandi dómsmálaráðherra, orðaði þetta þannig í ræðu 2. febrúar 1995 er hann mælti á Alþingi fyrir frumvarpi til laga um að veita Lúganó-samningnum lagagildi hér: „Þannig má lögsækja þann sem veldur skaðaverki fyrir dómstóli þess

staðar þar sem tjónsatburður varð þótt hann eigi heima í öðru ríki“. Ummæli Hannesar ollu Jóni Ólafssyni tjóni m.a. í Englandi og þess vegna er heimilt að höfða mál gegn tjónvaldinum Hannesi í London. Það sem ritstjórn Fréttablaðsins yfirsést er að Jón Ólafsson var búsettur í London og þar kom tjónið fram. Hann lögsækir því Hannes á brotavarnarþinginu í samræmi við bæði íslensk og ensk lög. Hinn enski dómstóll var því að fjalla um tjónsatburð í Englandi. Það sem maður staddur á Íslandi ritar á veraldarvefnum er jafnaðgengilegt utan Íslands og á Íslandi. Sé það ritað á heimismáli nær það til heimsbyggðarinnar. Enskir dómstólar hafa ekki valdsvið á Íslandi, en þeim er heimilt að dæma um tjón sem verður í Englandi, enda þótt tjónvaldur búi í öðru ríki. Slíkur dómur verður þó ekki aðfararhæfur hér á landi fyrir en Héradsdómur Reykjavíkur hefur gætt þess að farið hafi verið eftir reglum Lúganó-samningsins og veitt samþykki sitt fyrir því að gert verði fjárnám skv. hinum erlenda dómi. Áhyggjur ritstjórnar Fréttablaðsins eru því óþarfar. Þess skal getið að Mannréttindasáttmáli Evrópu hefur sama gildi í Englandi og hér á landi og dómstóllinn hefur gætt þess af sjálfsdáðum, að ekki væri gengið á rétt varnaraðilans Hannesar enda þótt hann héldi ekki uppi vörnum. Tilefni þess að ég undirritaður tel rétt að leiðrétta misskilning Fréttablaðsins er að lögmansstofa sú sem ég starfa á hefur annast fullnustu greinds dóms fyrir Jón Ólafsson og það er talið meðal hlutverka lögmanna að leiðrétta ranghermi og mis-

skilning, sem varða málefni sem lögmönnum eru falin. Að lokum leyfi ég mér örlítinn útdrú. Svo virðist sem ástæða þess að Hannes hélt ekki uppi vörnum í London hafi verið sú að hann hafi leitað lögfræðiráðgjafar hjá dómsmálaráðherra um það á hvern hátt hann ætti að bregðast við málsókninni ytra. Hannes fékk lögfræðiráðgjöfina í ráðuneytinu og er það reyndar einsdæmi að ráðuneyti dómsmála veiti aðila einkamáls lögfræðiaðstoð. Að auki kveðst Hannes hafa leitað lögfræðiráðgjafar hjá Háskóla Íslands þar sem hann starfar. Skilja má Hannes þannig að efni þessarar ráðgjafar hafi verið að hann þyrfti ekki að halda uppi vörnum í London, heldur gæfist honum kostur á að halda uppi vörnum síðar fyrir íslenskum dómstólum. Í þessu birtist oftrú Hannesar á stofnunum ríkisins. Hann virðist ekki hafa áttað sig á að hér á landi starfa fjölmargir sjálfstæðir og óháðir lögmenn, sem hafa það að atvinnu sinni að ráðleggja um slíkar aðstæður sem þær sem Hannes komst í. Ég er ekki í vafa um hver ráð lögmenn hefðu veitt Hannesi, ef hann hefði leitað til einhverra þeirra.

LEIÐRÉTTING

Fyrir mistök var grein Guðmundar Arnar Jónssonar um launamun á Íslandi, sem birtist hér í blaðinu 1. október, endurbirt á laugardaginn. Í seinni birtingunni voru villur um launamun á milli Íslands og annarra Norðurlanda og er vísað til fyrri birtingar um hið rétta. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum, sem skrifast alfarið á reikning blaðsins en ekki höfundar.

www.toyota.is




Við viljum bjóða þér meira en þú hefur látið þig dreyma um

RAV4 aukahlutapakki að andvirði 185.000 kr. fylgir með

Nú færð þú glæsilegan RAV4 með veglegum aukahlutapakka að andvirði 185.000 kr., heilsársdekk, dráttarbeisli, vindskeið, aurhlífar og krómgrind á afturljós. Komdu, prófaðu RAV4 og upplifðu meira en þú hafðir látið þig dreyma um. Þú gerir ekki betri kaup fyrir veturinn!

Verð frá 2.690.000 kr.
Mánaðarleg greiðsla frá 35.990 kr.*



* m.v. 10% útborgun og 84 mánaða bílasamning hjá Glitni.



NIGHTWISH Á TILBOÐI!



NÝTT!

2.499kr

CD+DVD • Highest Hopes: Best Of Nightwish


1.999kr

CD • Highest Hopes: Best Of Nightwish




1.299kr

CD • Wishmaster




1.299kr

CD • Century Child



1.299kr

CD • Over The Hills And Far Away




1.299kr

CD • Oceanborn



1.299kr

CD • Angels Fall First



1.799kr

DVD • From Wishes To Eternity



1.799kr

DVD • End Of Innocence



...skemmtir þér ;)

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 4.467 +0,11% Fjöldi viðskipta: 199
Velta: x.xxx milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Mosaic Fashions +3,45%
Icelandic Group +1,56%
Marel +0,78%

MESTA LÆKKUN

↓ Atorka Group -1,72%
Straumur -1,55%
Jarðboranir -1,43%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 40,20 +0,00% ... Bakkavör 42,10 +0,00% ... FL Group 13,80 -0,70% ... Flaga 3,01 +0,30% ... HB Grandi 9,25 +0,00% ... Íslandsbanki 14,45 +0,00% ... Jarðboranir 20,70 -1,40% ... KB banki 582,00 +0,40% ... Kögun 53,50 +0,00% ... Landsbankinn 21,30 +0,50% ... Marel 64,50 +0,80% ... SÍF 4,44 +0,00% ... Straumur 12,70 -1,60% ... Össur 85,00 +0,00%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Skuldabréfin vinsæl

Í gær voru gefin út skuldabréf í íslenskum krónum fyrir alls fimm milljarða króna. Útgefendurnir voru samkvæmt fréttum KB banka lánasýsla Austurríkis og Deutsche Bank.

Í heild hafa þá verið gefin út skuldabréf erlendis fyrir um átta tíu milljarða íslenskra króna.

„Ljóst er að allir hvatar eru fyrir hendi að áframhald verði á útgáfunni þar sem nafnvaxtamunur við útlönd er 7,7 prósent og almennt gert ráð fyrir því að krónan haldist sterk næstu 6-12 mánuði,“ segir í fréttum KB banka. Ekki muni draga úr útgáfunni fyrr en nafnvaxtamunur við útlönd minnki frá því sem nú er eða gengisáhætta endafjárfestisins aukist.

- bg

Vextir í tólf prósent og vísitalan undir hundrað


Greining Íslandsbanka telur stýrivexti ná tólf prósentum á næsta ári. Talsverðar líkur eru á að gengisvísitala krónunnar fari í tveggja stafa töku og dollarinn fari niður fyrir sextíu krónur.

Stýrivextir Seðlabankans munu verða tólf prósent á næsta ári og líkur eru á að gengisvísitala krónunnar fari tímabundið undir hundrað, að mati Greiningar Íslandsbanka.

Miðað við núverandi gengi milli mynta myndi dollarinn fara niður fyrir sextíu krónur og evran niður fyrir 72 krónur miðað við að gengisvísitalan yrði hundrað.

Ingvar Arnarson, hagfræðingur hjá Greiningu Íslandsbanka, segir að Seðlabankinn meti það svo að peninglegt aðhald hafi ekki verið nægjanlegt í síðustu uppsveiflu og ofþenslan sé meiri nú en þá. Vextir Seðlabankans eru nú 10,25 prósent, en raun stýrivextir þegar tillit er tekið til verðbólgu eru 5,5 prósent. Raunstýrivextir í síðustu uppsveiflu voru ríflega sjö prósent. Greining Íslandsbanka telur því að miðað við aðhaldsstig nú megi ekki vera minna nú en það var um aldamótin muni stýrivextir verða tólf prósent.

Ingvar segir að vaxtahækkun Seðlabankans hafi þá óhentugu



FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

MIKILVÆGUR TRÚVERÐUGLEIKI Seðlabankanum er annt um trúverðugleika sinn og telur að aðhaldsstig þurfi að verða meira nú en í síðustu uppsveiflu. Það bendir til þess að stýrivextir verði tólf prósent þegar þeir ná hámarki á næsta ári.

hlíðarverkun að hún hvetji til útgáfu erlendra skuldabréfa í íslenskum krónum. Það megi því búast við að krónan styrkist enn frekar frá því sem nú er. „Það að gengisvísitalan færi í tveggja stafa tölu er eitthvað sem hvarflaði ekki að einum fyrir einu eða tveimur árum síðan, en nú erum við komin mjög nálægt því.“ Hann segir að það megi velta því fyrir sér hvort Seðlabankinn hafi tekið nægjanlegt tillit til erlendar skuldabréfaútgáfu sem nú er komin yfir átta tíu milljarða króna.

Ingvar segir líklegt að dragi úr verðbólgu á næstunni. Verðbólgu-

an hafi verið drifin áfram af hækkun fasteignaverðs og eldsneytishækkunum. „Manni sýnist mestur hasarinn búinn á fasteignamarkaði og jafnvel þótt verðið standi í stað þá hækkar það ekki verðbólgu.“ Hann segir trúverðugleika Seðlabankans vera bankanum ofarlega í huga og það muni hafa áhrif á það að Seðlabankinn muni hækka vexti áfram til að stofna honum ekki voða. „Það er alla vega ekki hægt annað en að taka mark á stóru orðunum hjá Seðlabankanum í Peningamálum.“


hafliði@frettabladid.is

Lokavika fyrir Somerfield

Fresturinn sem yfirtökunefnd í Bretlandi veitti bjóðendum í bresku verslunarkeðjuna Somerfield rennur út á föstudaginn. Baugur var upphaflega í hópi áhugasamra kaupenda en heltist úr lestinni. Aðeins einn hópur er nú eftir sem hefur lýst áhuga á að kaupa keðjuna sem er fimmta stærsta matvöruverslanakeðja Bretlands. Hópurinn, sem skipaður er frumkvöðlinum Robert Tchenguiz, Apex Partners og Barclays-bankanum, er talinn muna leggja fram tilboð í vikunni.

Breska blaðið The Guardian segir í gær að búast megi við því að stjórn Somerfield muni hafna tilboði sem hljóðar upp á 200 pens á hlut eða minna en Baugur bauð í upphafi um 190 pens fyrir hvern hlut í félaginu. Segir jafnframt í blaðinu að Tchenguiz og hópurinn muni hugsanlega leggja fram tilboð upp á 205 pens á hlut en allsendis sé óvíst um hvort að stjórnin muni taka slíku tilboði. Fyrir það verð væri heildarvirði Somerfield um 121 milljarður íslenskra króna.

- hb



SOMERFIELD-VERSLUN Frestur til að skila inn tilboðum í matvöruverslanakeðjuna Somerfield rennur út í vikunni.



Sólarupprás	Hádegis	Sólarlag
Reykjavík	8.06	13.14 18.22
Akureyri	7.54	12.59 18.02

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er þriðjudagurinn 11. október, 284. dagur ársins.

KRÍLIN

Döggin kemur á morgnana því þá er jörðin svo sveitt!



SMÁAUGLÝSINGAR

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ
SMÁAUGLÝSINGAR
Á visir.is

visir

allt

heilsa o.fl.

REYKLAUS UNGMENNI

Eiga kost á utanlandsferð
bls. 2



MEÐLÆTI

Brauð og mjólk með fiskinum
bls. 4



FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL



Anna nýtur þessa að ganga um á Ægisíðunni og grásleppuskúrarnir tengja hana við fortíðina.

Meiri kvöld- en morgunmanneskja

Anna Björns, jógakennari og grafískur hönnuður, hugsar vel um heilsu sína. Hún skipuleggur tíma sinn og nær með því að upplifa daglega bæði hreyfingu og kyrrð.

„Ég geng úti á hverjum degi og reyni að fara líka daglega í sund en það tekst ekki alltaf vegna tímaskorts.“ Svo er jógad auðvitað mín helsta heilsubót,“ segir Anna Björns. Þetta síðastnefnda kemur sannarlega ekki á óvart því hún er jógakennari og rekur Yogastöð Vesturbæjar. Hún segir þó alls ekki nóg fyrir sig að kenna jóga enda sé hún þá að einbeita sér að öðru fólki og taka ábyrgð á því. Þess vegna taki hún sér líka tíma til að njóta eigin jógaiðkunar heima og hugleida. „Jóga er svo hollt bæði fyrir líkamann og sálina og ég hef stundað það í tæp þrjátíu ár,“ segir Anna, sem kveðst hafa kynnst þessari ævafornu heilsuefning-

araðferð í Los Angeles á sínum tíma. „Ég fer reglulega til Bandaríkjanna til að endurnýja þekkinguna á jóga og byggja mig upp og er einmitt nýkomin þaðan núna.“

Anna flutti heim frá Bandaríkjunum fyrir ellefu árum. Göngustígarnir meðfram Ægisíðunni eru í uppáhaldi hjá henni sem útivistarsvæði og hún kveðst hafa sérstakar taugar til grásleppuskúranna því afi hennar hafi sjálfur smíðað skúr og líka bát sem hann reri á til grásleppuveiða úr Grímsstaðavör. Yogastöð Vesturbæjar nýtur starfskrafta Önnu á daginn auk þess sem hún sinnir margvíslegum verkefnum á sviði grafískrar hönnunar. Hún dregur ekki dul á að hún sé meiri kvöld- en morgunmanneskja. „Mér finnst frábært að vinna frameftir því þá er svo mikið næði, síminn þagnaður og tölvupósturinn hættur að detta inn, en mér þætti gott að geta alltaf sofð út.“

gun@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU

[HEILSA]

Veggspori við Gullinbrú í Grafarvogi býður nú upp á námskeið í Rope yoga. Námskeiðið hefst mánudaginn 17. október, Rope yoga, eða kaðlajóga, er íslensk uppgötvun og hefur notið vaxandi vinsælda, bæði hér og erlendis, á undanförmum árum. Nánari upplýsingar um námskeiðið í Veggsporti má nálgast í síma 577-5555.



Komin er út á vegum Lýðheilsustöðvar önnur útgáfa af handbók fyrir skólamötuneyti með hagnýtum ábendingum fyrir starfsfólk um matseðla-gerð, hollustu, matreiðslu, hreinlæti og innkaup. Mataræði barna í skólum landsins er mikilvægt málefni og huga ætti vel að því. Hægt er að panta bókina og skoða hana á heimasíðunni ged.is.

Maður lifandi mun núna á fimmtudaginn opna nýjan heilsuvörumarkað í Hæðasmára í Kópavogi. Þar verður boðið upp á úrval af hágæðamatvöru og séræði án aukafna, lífrænt ræktaðar vörur og bættiefni. Einnig verður boðið upp á ýmsar aðrar vörur tengdar heilsu eins og geisladiska, bækur, stoðtæki og fleira.

Lyfja býður nú upp á bólusetningu við influensu annað árið í röð. Bólusetning fer fram í þremur verslunum á höfuðborgarsvæðinu, í Lyfju Laugavegi, Smáralind og Lág múla. Hjúkrunarfræðingar sjá um bólusetninguna og hefur lækni umsjón með framkvæmd þeirra. Ekki þarf að panta tíma, aðeins mæta í Lyfju. Boðið verður upp á þessa þjónustu á meðan eftirspurn er.

OKTÓBER

Kafbátur mánaðarins

6 tommu

BMT

með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

Gildir í október 2005
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli

6 tommu
bátur

kr. 299



SUBWAY

Snjóblinda

orsakast af því að sólin brennir hornhimnu augans. Venjulega hverfa einkennin af sjálfu sér á tveimur sólarhringum. Það er samt betra að hlífa augunum sem mest á meðan og nota sólgleraugu.



LYFJA
Opið 8-24 alla daga
í Lágmúla og Smáratorgi

Heilsuvörur og matstofa
Opið virka daga kl. 10-20
laugardaga kl. 10-17
maður lifandi
Borgartúni 24

Snyrti Lindin
10% kynningarafsláttur
af Dr.Hauschka andlitsböðum
Lifrænar Snyrtivörur
Hæðasmára 6 201 Kópavogi sími 564 5455

Rope Yoga
Skráning er hafin
Námsskeið hefst 24.óktóber
Elin Sigurðardóttir
Rope Yoga meistarakennari
Íþróttafraðingur
Kripala nudðfari
Sporthúsið, Kópavogi
www.elin.is & sími 696-4419

Það allra allra vinsælasta í
airbrush í dag!!! Átta litir!!
„Fríar kynningar og nám-
skeið hefst 15.óktóber.“
Pantaðu tíma núna
5173700 / 8202188
Hafnarsport ehf. Dreifingaraðili.
Hafnarsport ehf.

Plokkfiskur 650 kr. / kg.
Fjölbreyttir fiskréttir
Fiskbúðin Álfheimum Fiskbúðin Reykjavíkurvegi
Álfheimum 4 Reykjavíkurvegi 68
553 8090 564 2783

HREYFI LAND
OPINN DAGUR
Í HREYFILANDI
í dag 11.óktóber
milli 16-18
Námsskeið fyrir mömmur og börn, byrjendur og framhald –
Íþróttanámskeið fyrir börn frá 3 mánaða til 5 ára –
Dansleikfimi fyrir konur 20+ – Meðgönguleikfimi
sími: 577 2555 og 899 7255 | 110 Reykjavík | Stangarhylur 7
www.hreyfiland.is | mottaka@hreyfiland.is



Þessir ungmennafélagar eru örugglega reyklusir.

Reyklus ungmenni eiga kost á utanlandsferð

Frítt til Evrópu fyrir reyklus er yfirskrift á keppni sem Lýðheilsustöð stendur fyrir hér á landi.

Keppnin sem um ræðir er ætluð fólki sem er fætt á árunum 1985 til 1990. Tilgangur hennar er sá að fá ungt fólk til að hugleiða kosti þess að reykja ekki. Keppnin hefst 10. nóvember og þeir sem verða reyklusir næsta mánuð þar á eftir, til 10. desember, eiga þess kost að vinna peningaupphæð til utanlandsferðar. Keppnt er í tveimur flokkum. Í öðrum flokknum eru ungmenni sem eru reyklus fyrir en í hinum eru ungmenni sem eru byrjuð að reykja en vilja hætta. Dregið verður um glæsilega vinn-

inga í báðum flokkum um miðjan desember.

Nokkur lönd í Evrópu hafa sett upp sams konar verkefni undanfarin ár og þetta er í þriðja sinn sem við Íslendingar tökum þátt. Fyrsta keppnin var undir yfirskriftinni Andaðu léttar og sú næsta hét Vertu ferskari. Um 4.000 ungmenni héðan voru með í hvort sinn og innan þess hóps eru nokkrir heppnir vinningshafar. Viðar Jensson er verkefnisstjóri í tóbaksvörnum hjá Lýðheilsustöð. Hann segir mikinn áhuga á

keppninni í ár meðal fimmtán til tuttugu ára fólks og er ánægður með það. „Það virðist ætla að verða mikil þátttaka og það er gott,“ segir hann og bætir við: „Vissulega er dýrmætt að ungt fólk skuli eyða tíma í að hugsa um reykleysi og hvaða þýðingu það hefur fyrir heilsuna og lífið. Í því felst mikill ávinningur.“

Þeir sem vilja fræðast frekar um keppnina og jafnvel skrá sig til leiks geta gert það á www.lydheilsustod.is

gun@frettabladid.is

Konur í föstu sambandi óánægðar með kynlífið

Karlar í samböndum ánægðir með kynlífið í sambandinu. Einhleypir karlar óánægðir með kynlífið en einhleypar konur ánægðar.

Konur eru ánægðastar með kynlíf sitt þegar þær eru einhleypar en karlmenn eru ánægðastir þegar þeir eru í sambandi. Þetta er niðurstaða víðfeðmrar könnunar Lundúnaháskóla, University College. 11.000 karlmenn og konur á aldrinum 16-44 ára tóku þátt í rannsókninni, sem greint er frá í dagblaðinu Politiken.

Einhleypir karlmenn eru mjög óánægðir með kynlífsiðkan sína en eins og áður sagði eru karlmenn í samböndum almennt mjög ánægðir. Hið gagnstæða á við konur, konur í sambandi eru oftár óánægðar með kynlífið í sambandinu en einhleypar konur eru sáttar við sitt kynlíf. Þetta er þveröfugt við það sem oft hefur verið haldið fram.



Einhleypar konur eru ánægðari með ástarlíf sitt en þær sem eru í sambandi.

Áð því er fram kemur í rannsókninni eru meginskýringar óánægju kvenna í samböndum þær að þær eru iðulega óánægðar með samskiptin við sinn ektamann. Þeim finnst þær heldur ekki ráða nægilega miklu í sambandinu og loks finnst þeim erfitt að samræma móturhlutverkið við hlutverk ástkonu.

Nýtt lyf }

Nýtt lyf við eyrnamerg

CLEAN EARS LOSAR STÍFLUR.

Eyrnamergur er algengt vandamál en misjafnt er milli manna hversu mikið safnast upp af honum. CleanEars er nýtt lyf sem leysir þetta hvítleiða vandamál. Þetta nýja lyf, CleanEars, virkar þannig að því er úðað í eyrað og leysir það upp merginn og önnur fituefni sem leka þá fram. Síðan er einfallega hreinsað með eyrnapinna án þess að fara langt inn í eyrað. Áður fyrr varð að leyta til sérfræðings til að losna við eyrnamerginn og skolaði lækniinn þá mergnum út. CleanEars býður hins vegar upp á mun fljótlegri og þægilegri lausn.



Hollráð Sölva Fannars

Uppáhaldsafsökunin

Flestir sem stunda ekki reglulega líkamsþjálfun hafa „sína“ afsökun eins og:

- Ég hef ekki nógan tíma
- Ég næ ekki árangri
- Búin(n) að reyna en það gekk ekki neitt
- Ég er of þreytt(ur) eftir vinnu
- Ég hreyfi mig nóg
- Æfingar eru leiðinlegar
- Æfingar eru sársaukafullar
- Ég er hrædd(ur) við að standa mig ekki og gefast upp

